Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðir bæjarráðs 1932

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bæjarráð 1932.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundargerðir

# BÆJARRÁÐS
# REYKJAVÍKUR

1932

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, laugardaginn 6. ágúst, kl. 2 síðdegis kom bæjarráðið saman á fund í skrifstofu borgarstjóra.

Í bæjarráðið voru kosnir, á fundi bæjarstjórnar 4. ágúst:

Guðmundur Ásbjörnsson,
Pjetur Halldórsson, og
Jakob Möller af B-lista,
Stefán Jóhann Stefánsson og
Hermann Jónasson af A-lista.

Varamenn voru kosnir:

Einar Arnórsson,
Guðrún Jónasson og
Hjalti Jónsson af B-lista,
Ágúst Jósefsson og
Kjartan Ólafsson af A-lista.

Á fund vantaði Pjetur Halldórsson og Stefán Jóh. Stefánsson, en í þeirra stað voru mættir varamennirnir Hjalti Jónsson og Ágúst Jósefsson.

**Tekið var fyrir:**

1. Að kjósa formann bæjarráðsins og skrifara. Formaður var kosinn borgarstjóri K. Zimsen, með 3 atkvæðum. 2 atkvæðaseðlar voru auðir. Skrifari var kosinn Stefán Jóhann Stefánsson með hlutkesti milli hans og Jakobs Möllers.

2. Rætt um tillögur á starfsemi bæjarráðsins framvegist og ákveðið að hafa fasta fundi á hverjum föstudegi kl. 3 1/2 síðdegis.

3. Lagt fram bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins viðvíkjandi eftirlit með framkvæmdum byggingarfjelaga. Samþykkt að gera þá tillögu til ráðuneytisins, að bæjarráðinu verði falið eftirlit þetta og því heimilað að krefjast skýrslu og annarra upplýsinga, er það kann að telja nauðsynlegar.

Fundi slitið.

K. Ziemsen
Jakob Möller   Hermann Jónsson
Ágúst Jósefsson   Hjalti Jónsson
Guðmundur Ásbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, föstudaginn 12. ágúst kl. $3^{\underline{50}}$ hjelt bæjarráðið fund á skrifstofu borgar-stjóra og gerðist þetta.

**Fundarefni:**

1. Samþyktir erfðafestu skilmálar fyrir Bústaðabletti I-XVII og XIX - XXI, Laugamýrarbletti XXVIII - XXXI og Kringlumýrabletti XI -XV.

2. Synjað erindi frá erfðafestuhöfum Laugarnesbletta nr. I - III um stækkun á löndum þeirra.

3. Samþykt að setja á erfðafestu: Laugamýrarblett XXXIII, Magnúsi Þorgeirssyni, Óðinsgötu 21; Laugamýrarblett XXXVI, Þórhalli Einarsssyni, Bergstaðastræti 59.

4. Samþykt að Þorgrímur Þórðarson, læknir, greiði 1000 kr. götugjald fyrir lóð sína við norðurenda Garðastrætis, Vigfúsarkotslóð, enda láti hann 97,8 $m^2$ lóð endurgjaldslaust undir götuna.

5. Samþykt að leigja Einari Stefánssyni, Hverfisgötu 94, lóðina nr. 35 við Eiríksgötu enda byrji hann á byggingu á lóðinn fyrir 4. október n.k.

6. Samþykt að leigja Pjetri Sigurðssyni Laugaveg 91a, lóðina á horninu sunnan Laugavegar og austan Hringbrautar, enda byrji hann á byggingu á lóðinni innan tveggja mánaða. Borgarstjóra falið að ákveða stærð lóðarinnar í samráði við bæjarverkfræðing.

7. Synjað að svo stöddu erindi K. Guðmundssonar og Vigfúsar Einarssonar um leigu á lóð nr. 108 og 110 við Hringbraut.

8. Synjað erindi Guðjóns Guðlaugssonar um að byggja annað íbúðarhús á erfðafestulandi hans í Vatnsmýri.

9. Synjað erindi Guðmunds Guðmundssonar, Bræðraborgarstíg 10, um að kaupa nú þegar þann hluta lóðar hans sem fer undir Drafnarstíg.

10. Hafnað forkaupsrétti að Kleppsmýrarbletti nr. XI

11. Hafnað tilboði frú Margrjetar Árnason um að selja henni 0,71 ha. landspildu í Skildinganeslandi fyrir kr. 35.000,00

12. Synjað erindi Guðmunds Magnússonar í verkamannaskýlinu um föst laun, 400 kr. á mánuði fyrir vörslu skýlisins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Synjað erindi Sigurðar Gíslasonar og Gests Guðmundssonar um lagfæringu á akbraut af Hafnarfjarðarvegi að Varmahlíð og Reykjahlíð.

14. Lagt fram erindi íbúa við framhald Grettisgötu um framlengingu götunnar. Bæjarverkfræðingi falið að athuga málið.

15. Bæjarráðið leggur til að Freyjugata milli Njarðargötu og Barónstígs verði fullgerð í atvinnubótarvinnu í haust.

16. Bæjarráðið leggur til að leitað verði samninga um greiðslu á fjárnámskuld að upphæð 1000 kr., sem hvílir á húseign Magnúsar Gíslasonar, Sólstöðum á Laugarásbletti IX, en eign þessi er veðsett bænum fyrir 1800 kr. fátæktarstyrk, næst á eftir 1800 kr. skuld til Landsbankans.

Ákveðið að halda næsta fund á mánudag 15. ágúst kl. $1^1/_2$ síðdegis.

Fundi slitið.

Guðmundur Ásbjörnson
Jakob Möller  Hermann Jónasson
Pétur Halldórsson  Ágúst Jósefsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, Mánudaginn 15. ágúst kl. 1 $^{45}$, hjelt bæjarráðið fund á skrifstofu borgarstjóra og gerðist þetta.

**Fundarefni:**

1. Samþykt að selja Einari Sigurðssyni Sólheimum við Reykavíkurveg, á erfðafestu alt að 2 ha. lands suður af Kringlumýrarbletti nr. XIX, milli Bústaðarvegs og fyrirhugaðs Vatnsveituvegs.

2. Lagt fram erindi frá Jóhanni Eiríkssyni, búfræðingi, Mímisvegi 8, þar sem hann býður bænum þjónustu sína við leiðbeiningar um jarðrækt o.fl. Samþykt að sinna ekki þessu tilboði.

3. Synjað erindi Guðjóns Guðmundssonar um flutning á húsinu nr. 165 við Laugaveg fyrir 4500 kr. framlag úr bæjarsjóði, að því er virðist lágmarksupphæð.

4. Samþykt að leigja Guðlaugi V. Þorsteinssyni lóðina nr. 31 við Eiríksgötu, enda byrji hann á byggingu á lóðinni innan tveggja mánaða.

5. Samþykt að hefja atvinnubótavinnu samkvæmt tillögu atvinnubótanefndar í fundargerð frá 13. þ.m.

6. Samþykt að leggja til, að leigt verði skólahúsnæði í húsi Þorgríms Jónssonar við Laugarnesveg fyrir 1200 kr. á ári, með hita og ljósi, til tveggja ára ef um semst.

7. Samþykt að leggja til að leigt verði skólahúsnæði í húseigninni „Sjónarhól" í Safamýri til 14. maí n.k. fyrir 130 kr. á mánuði, án hita og ljóss.

8. Lagt til að bæjarráðinu verði heimilað að leigja húsnæði til skólahalds í Skildinganesi næsta vetur.

9. Lagt fram erindi frá stjórn stjettarfjelags barnakennara um vinnu við fyrirtæki bæjarins. Bæjarráðið sjer sjer ekki fært að sinna erindinu.

10. Samþykt að veita Guðbjörgu Bjarnadóttur lausn frá starfi hennar frá 1. september samkvæmt beiðni og lagt til að henni verði greitt úr bæjarsjóði uppbót á eftirlaunin hennar í eitt ár er nemi 20% af laununum.

11. Lagt til að starfsmönnum bæjarins verði greidd 20 króna ómagauppbót fyrir yfirstandandi ár eftir sömu reglum og s.l ár.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Útsvarsmál: Lagt til að samþykt verði einkaskipti á húsi Halldórs Sigurðssonar. Aðalsteinn Pálsson; Þorbjörn Þorsteinsson, Baldursgötu 24, Vigdís Halldórsdóttir, Bjargi; Valdimar Guðjónsson, Nýl.g.6; Georg Takáes, Hverfisg. 44; Edel Sögård, Ing. 5 ; Sveinn Jónsson, Grettisg. 68; Sigurður Jónsson Bárugötu 29; Sveinn Hallgrímsson, Túng. 16; Sigrún Ólafsdóttir Hallv.st. 2; Sigurður Kr.Guðlaugsson, Grjótag. 14; Sigríður Þorláksdóttir, Rauðará; Samúel Jónsson, Skólv.st. 35; Pjetur Gunnlaugsson, Sólvelli; Óli Metúsalemsson,Þhstr.; Oddur Guðmundsson, Hvg.83; Ó.V. Metúsalemsson og Co; María Hallgrímsdóttir, Grund.17, Magnús Björnsson, Ljósv. 16; Jón Hannesson, Ellih.; Jón Bogason, Garð. 33, Jóhannes Bárðason, Fálk. 20, Jóhanna Björnsdóttir, Lauf. 20; Ingunn Jónsdóttir,Kópavogi; Haraldur Guðmundsson; Hannes Jónsson, Skólav.st. 4c; Guðjón Jónsson, Norðurst. 3; Guðjón Finnbogason, Sunnuhvoli; Þorv. H. Jónsson; Fram. 50a; Þuríður Sigurðardóttir; Þorkell Jónasson, Hringbraut 146; Guðbrandur Guðbrandsson, Rán. 7; Gísli G. Kristjánsson Laug. 74; Þorsteinn Gíslason, Þhstr. 14; Elín Aronsdóttir, Ránargötu 7; Eggert Kristjánsson, Laug. 74; Benedikt B. Guðmundsson og co. H/f. Acta, Þórarinn Björnsson, Laug. 46; Margrjet Vilhjálmsson, Njg. 33; Karl H. Sveinsson, Bræðr. 12, Páll Skúlason, Öldug. 17; Jónas Jónasson, Öldug. 8; Jakobína Benediktsdóttir, Laug. 33; Guðbrandur Jónsson Lind. 41; Daníel Hjálmarsson; Þórarinn Kjartansson, Laug. 76; Werner Hinkelmann lyfsali; Hulda Sigtryggsdóttir, Sól.17; Kristín Magnúsdóttir,Ing. 6; Jón Jónsson, Lind. 10; Kristjana Jónsdóttir, Lækj. 8.

Fundi slitið.

Guðmundur Ásbjörnsson
Jakob Möller   Pétur Halldórsson
Ágúst Jósefsson   Kjartan Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, föstudaginn 19. ágúst, kl 3 1/2 síðdegis hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

**Fundarefni:**

1. Lagt fram erindi Odds Sigurgeirssonar um erfðafestuland eða leiguland og óskar hann helst eftir því að fá hjáleiguna Eiði, til afnota. Ákveðið að sinna ekki erindinu.

2. Beiðni Árna Pálsonar trésmiðs, um leigu á norðurhelmingi af Laugamýrarbletti XV, en land þetta hefur nú Búi Ásgeirsson á erfðafestu en mun hafa fyrirgert erfðafestu-rétti sínum. Frestað og bæjarverkfræðingi falið að tala við Búa Ásgeirsson.

3. Bæjarverkfræðingi var falið að leggja fyrir næsta bæjarráðsfund tillögu um lagningu nýrra vega um ýmis erfðafestulönd, en ætlast er til þess að sú vegagjörð verði unnin í atvinnubótavinnu, og hefir bæjarráðið í morgun farið um ýmis þessi lönd til athugunar.

Þegar hér var komið fundi vék bæjarverkfræðingur af fundinum, en hann hafði setið fundinn til þessa.

4. Erindi Carl Nielsen um greiðslu á húsaleiguskuld hans. Fátæktarfulltrúunum falið að útvega nánari upplýsingar.

5. Beiðni Torfa Eggertssonar, Fálkagötu 10a, um ábyrgð á 6000 kr. láni til kaupa á eigninni Norðurmýrabletti XXXIII. Beiðninni synjað.

6. Beiðni Jóhanns Gíslasonar, Njálsgötu 20, um greiðslu á húsaleigu fyrir hann frá 1. okt. n.k. og eitthvað fram á veturinn. Samþykt að taka ábyrgð á húsaleigugreiðslu hans.

7. Ákveðið að skrifstofusjóri borgastjóra eigi hér eftir að færa í sérstaka bók allar nýja fátækrastyrkveitingar og aðrar styrkveitingar, sem þar fara eftir aðsjónargjörðum og liggi sú bók altaf frammi bæjarráðinu til athugunar.

Samúel Ólafson fátækrafulltrúi sat fundinn á meðan rætt var um fátækramálin, (4. -7. liður úrsl.).

8. Lagðar fram ályktanir frá sameiginlegum fundi verkamannafélags Dagsbrúnar og Sjómannafélags Reykjavíkur frá 16. þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri skýrði frá því að enn hefði ekki borist svar frá ríkistjórninni við bréfi hans dags. 12.þ.m. um framlag ríkissjóðs til atvinnubóta. Ákveðið að borgarsjóri óskaði eftir svari ríkistjórnarinnar við þessari málaleitan svo fljótt sem unnt er.

Rætt um tillöguna og ákveðið að vísa þeim tillögulið, er væri um fé hafnarinnar til hafnarstjórnar. Að öðru leyti voru engar ákvarðanir teknar.

9. Rætt um innheimtu útsvara.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Guðmundur Ásbjörnsson
Hermann Jónsson Pétur Halldórsson
Pétur Möller Stefán Jóh. Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, föstudaginn 26. ágúst kl. $3^1/_2$ síðdegis, hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

**Fundarefni:**

1. Lagt fram bréf atvinnu- og samgöngumálaráðherra dags. 24. þ.m. þar sem ráðuneytið felur bæjarráði Reykjavíkur eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa kunna samkv. lögum nr. 45, 14. júní 1929 um verkamannabústað.

2. Erindi Árna Pálssonar trésmiðs, sbr. fundagjörð bæjarráðs 19. þ.m., 2. liður. Ákveðið að taka erfðafestulandið Laugamýrarblett XV af Búa Ásgeirssyni og láta Árna fá vestari, en Búa eystri hluta þessa lands á erfðafestu.

3. Beiðni Sigurðar Magnússonar, skipstj., Hringbraut 146, um að fá að setja nýjan inngangskúr á Þrastargötu 4, setja þar W.C. og ennfremur pappaleggja og járnslá húsið að utan. Bæjarráðið samþykkti að leyfa þessa aðgjörð á húsinu, þó ekki W.C. vegna skorts á frárennsli.

4. Ákveðið að leigja Sigurfinni Hallvarðsyni Njálsgötu 83, lóðina nr. 27. við Eiríksgötu og Árna Sveinbjörnssyni lóðina nr. 33 við sömu götu. Einnig ákveðið að leigja Jóni Árnasyni, Njálsg. 78, lóðina nr. 65 við Laugarnesveg, sem ákveðið var að taka af fyrri leigjanda lóðarinnar. Allar lóðirnar eru leigðar með því skilyrði að byrjað verði á byggingu húsanna innan 2ja mánað.

5. Samþykt að leigja Bjarnheiði Þorláksdóttur Kringlumýrablett 21, og Guðmundi Valdimarssyni, Skólavst. 33, Sogamýrablett 37. Erindi Eiríks Þorlákssonar um leigu á síðarnefnda blettinum var hafnað. Einnig var synjað erindi Frímanns Einarssonar um leigu á landspildu við Suðurlandsbraut.

6. Beiðni Jóns Jónssonar, Bergstr. 6a, um að bærinn láti lagfæra gangstéttina fyrir framan hús hans og láti gera við þær skemmdir, er orðið hafa á grunninum. Erindinu synjað að ráði bæjarverkfræðings.

7. Beiðni Magnúar Bjarnasonar, Sjáfarborg, um að bærinn greiði rafmagnsinnlagningu í íbúð hans, þannig að bærinn gefi eftir leigu á á íbúðinni sem nemur kostnaðinum við rafmagnslögnina kr. 248,00. Meiri hluti bæjarráðs (3:2) vilja synja beiðninni en minni hlutinn vill vera með henni og vísar henni til bæjarstjórnar.

8. Ekkja Baldurs sál. Sveinssonar blaðamanns býður bænum að kaupa vatnsmæli fyrir 1000 kr. Lagt til að tilboðinu verði ekki tekið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Lögð fram úttektagjörð á Laugarnesi. Bæjarráðið leggur til að Þorgrími Jónssyni verði selt íbúðarhús með skúr ásamt fjósi, sem stendur á erfðafestulandi hans, fyrir kr. 5200,00. Andvirðið sé greitt á 10 árum með 6% ársvöxtum.

10. Lögð fram úttektargjörð á Breiðholti. Bæjarráð leggur til að Jóni Ingimarssyni verði seld öll bæjarhúsin, sem eru næsta léleg, fyrir 100 kr.

11. Út af erindi h/f Olíuverslunar Íslands um leigu á frönsku húsunum með tilheyrandi lóð, ákvað bæjarráðið að fela bæjarverkfræðing að rannsaka málið og gefa bæjarráðinu upplýsingar á næsta fundi.

12. Lagt fram bréf forsætisráðherra dags. í dag, þar sem ríkistjórnin heitir því, að veita samtals alt að 200 þús, kr. til atvinnubóta í Reykjavík á árinu 1932, að meðtöldu framlagi vegna atvinnubóta í desember 1931, enda leggi sumir fram tvöfalt framlag á móti. Er þetta loforð þó bundið því skilyrði að unnið verði að vegagjörð og öðrum framkvæmdum fyrir ríkið í námunda við Rvík. Einnig lofar ríkisstjórnin því að veita bænum aðstoð um þær fjárútveganir, sem bærinn hefir farið fram á í bréfi sínu frá 12. þ.m., eftir því sem unnt er, og heimildir standa til og óska um þau efni nánari viðtals við borgarstjóra. Borgarsjóri skýrði og frá, að hann hefði nú fengið greitt fjárframlag úr ríkissjóði að upphæð kr. 40 þús. en í des. 1931 og síðar hefir ríkissjóður greitt til atvinnubóta í bænum kr. 65 þús., eða nú als kr. 105 þús.

Í sambandi við þetta mál, bar Stefán Jóh. Stefánsson fram eftirfarandi tillögu:

I. Bæjaráð leggur til að bæjarstjórn samþykki að atvinnubótavinnan verði aukin upp í 350 manna daglega vinnu og feli borgarsjóra og bæjarráði að leita til bankanna og ríkisstjórnarinnar um lánveitingar og fjárframlög í þessu skyni.

II. Bæjarráð felur atvinnubótanefnd í samráði við fátækrafulltrúa, að gera nú þegar tillögu um það, hjá hverjum atvinnulausum mönnum skuli ekki innheimt andvirði gass og rafmagns né útsvör og hverjum skuli úthlutað koksi. Einnig felur borgaráð sínum mönnum að gera tilraunir til að tryggja húsnæði handa atvinnulausum mönnum, sem ekki geta staðið í skilum með greiðslu húsaleigu. Loks felur bæjarráð borgarstjóra og fátækrafulltrúum að gera nú þegar ráðstafanir til stofnunar almenningsmötuneyta.

Pétur Halldórsson bar fram eftirfarandi tillögu í stað I í till. Stf.St.

III. Bæjarstjórnin felur bæjarráðinu að athuga með hverju móti takast mætti að auka atvinnubótavinnu bæjarins svo að 300 - 350 mann geti fengið vinnu samtímis frá 1. okt. n.k. og að leita samvinnu um þetta við ríkisstjórnina.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga II felld með 4:1 (Stf.St.) og er henni af flutningsmanni vísað til bæjarstjórnar.

Tillögum, sem ræðir um í 8. lið síðasta bæjaráðsfundargerðar, um fatnað o.fl. til skólabarna vísar bæjarráð til skólanefnda til umsagna.

13. Bjarni Benediktsson býður bænum forkaupsrétt að erfðafestulandi sínu nr. 11 og 11a í Safamýri fyri 15 þús. kr. Ákveðið að fá fyllri upplýsingar um það hvernig fyrirhugað söluverð skiftist.

14. Erindi Engilberts Hafberg um meðmæli borgarstjóra til þess að reka matsölu og kaffiveitingar og annað þar tilheyrandi í hús hans Grettisgötu 65. Bæjarráð leggur til að meðmæli þessi verði veitt.

15. Ákveðið að láta vinna í atvinnubóta vinnu: Tunguveg frá Sogavegi að Bústaðarvegi, Sogaveg frá Tunguvegi að Breiðholtsvegi, Bústaðarvegi að Breiðholtsvegi og Sundholtsveg.

16. Erindi Carl Nielsen, sjá síðustu fundargjörð bæjarráðs, 4.lið. Að ráði fátækrafulltrúa ákvað bæjarráð að greiða fyrir beiðanda húsaleigu frá 14. maí s.l. til 1. okt. n.k.

17. Beiðni Hannesar Jónssonar, Verkamannabústöðunum, um aðstoð bæjarins til þess að greiða af húshluta hans í verkamannabústöðunum. Fátækrafulltrúnum falið að greiða fram úr þessu máli.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Guðmundur Ásbjörnsson
M. Júl. Magnús Stefán Jóh. Stefánss
Pétur Halldórsson Hermann Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, föstudaginn 2. sept., kl. 3 1/2 síðdegis hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

**Fundarefni:**

1. Fátækrafulltrúunum Samúel Ólafssyni og Magnúsi V. Jóhannessyni var falið að rannsaka alla hagi og ástæður Frímanns Einarssonar. Einnig rætt um önnur fátækramál og fátækrafulltrúunum falin rannsókn tveggja annara mál, er fyrir láu. Samúel Ólafsson sat fundinn á meðan rætt var um þennan lið.

2. Rætt um skólaleigu á Skildinganesi. Borgarstjóri upplýsti að á tveimur stöðum myndi húsnæði fáanlegt í Skildinganesi fyrir skólastofu. Bæjarráð fól skólanefnd að festa leigu á því húsnæði, er henni líkaði best, þó þannig að ekki væri greitt meira í leigu en 150 kr. á mánuði.

3. Kristleifur Egilsson, Vesturg. 52 býður bænum til kaups spildu af lóð sinni Vesturg. 52, sem fara eigi undir Nýlendugötu og Framnesveg. Söluverð 7 kr. fyrir hvern fermeter og er það fasteignarmatsverð. Lóðarspildurnar eru 182,3 fermtr. og samt. söluverðið þá kr. 1276,10. Bæjarverkfræðingi var falið að rannsaka málið nánar og gefa bæjarráði nánari upplýsingar.

4. Leigumáli h/f Olíuverslunar Íslands á frönsku skúrunum með tilheyrandi lóð. sbr. 11. lið fundargjörðar bæjarráðs frá 26. ágúst s.l. Bæjarverkfræðingur gaf skýrslu um ástand húsanna, stærð lóðarinnar o.fl.

Borgarstjóra falið að tala við framkvæmdarstjóra Olíuverslunarinnar út af þessu máli.

5. Lagðar fram 2 umsóknir um lóðir við Laugarnesveg, en þar er nú laus ein lóð nr. 67. Ákveðið að leigja Oddi Kristjánssyni, Barnónst. 19 þá einu lóð, sem laus er, með því að umsókn hans var eldri en synja umsókn Þorkels O. Ingibergssonar, með því að fleiri lóðir eru ekki lausar. Samkvæmt umsókn Helgu M. Níelsdóttur, var ákveðið að leiga henni lóðina nr. 80 við Hringbraut (Eiríksgata 37). Byrjað verði á byggingu fyrir 1. nóv. n.k.

6. Lögð fram áskorun Sambands vestlenskra kvenna, er skora á öll bæjarfélög að koma upp hjá sér leikvöllum undir góðri umsjón.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Eigendur íþróttahúss K.R. (Báran) fara þess á leit, að þeim verði gefin eftir fasteignagjöld (húsaskattur, vatnsskattur og lóðargjöld) samtals að upphæð kr. 779,58, auk áföllnum kostnaði, í þetta sinn, eða að öðrum kosti veittur 800 kr. styrkur úr bæjarsjóði. Bæjaráðið vill ekki mæla með því að gefin verði eftir fasteignargjöld af húsinu, en frestar að taka ákvörðun um styrkbeiðnina þar til fjárhagsáætlun kemur til afgreiðslu.

8. Bæjarverkfræðingur skýrði frá því, að nú myndi horfa til vandræða um það, hvert ætti að láta saur þann, sem fluttur er burtu úr salernum. Bæjarverkfræðingi, hafnarstjóra og heilbrigðisfulltrúa falið að athuga þetta mál og koma með tillögu sína til bæjaráðisins.

9. Tekin fyrir tillaga Hermanns Jónassonar frá síðasta bæjarstjórnarfundi, þar sem ákveðið var að láta þegar rannsaka hagi atvinnulausra mann í bænum.
Borgarráð ákvað að fela atvinnuúthlutunarnefnd að vinna úr skýrslum, sem fyrir liggja um þetta efni, og láta bæjarráðinu í té yfirlit um ástæður atvinnulausra manna.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
M. Júl. Magnús. Stefán Jóh. Stefánsson
Pétur Halldórsson Hermann Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, föstudaginn 9. sept. kl. 3½ síðdegis, hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

**Fundarefni:**

1. Guðrún Lárusdóttir fátækrafulltrúi vakti máls á því á fundinum hvort bærinn geti gert eitthvað til þess að stuðla að því að atvinnulausir ungir menn hér í bænum geti fengið aðsoð til skólagöngu eða einhvers náms.

   Bæjaráðið ákvað að fela borgarstjóra, Guðrúnu Lárusdóttur fátækrafulltrúa og einum manni úr atvinnuúthlutunarnefnd, athugun þessa máls og að ræða um málið við kennslumálaráðherra.

2. Fátækrafulltrúarnir lögðu fram skýrslu um hagi og ástæður þurfalingsins Frímans Einarssonar, sbr. f. lið fundagjörða bæjaráðs 2. þ.m. Ákveðið að taka land, býli og skepnur af Frímanni og ráðstafa honum og fjölskyldu hans á annan hátt til framfærslu.

3. Lagt fram bréf Jóns Bergsonar, Fagradal, þar sem hann fer þess á leit að bærinn láni sér 600 kr. til að sjá um greiðslu á lánum, sem á býli hans eru, og býður hann til tryggingar þessum láni 5. veðrétt í býli hans Sogamýri 5 (Fagradal). Fátækrafulltrúarnir gáfu skýrslu um hagi og ástæður þessa manns og upplýstu þeir að honum myndi nauðsyn á hærra láni. Bæjaráð samþykkti að veita manni þessum nauðsynlega hjálp til þess að halda býli sínu.

4. Sturla og Friðrik Jónssynir bjóða bæjarsjóði til kaups veðskuldabréf trygt með 3ja veðrétti í húseigninni nr. 50 við Njálsgötu, að upphæð rúmlega 17 þús. kr., fyrir 80% af nafnvirði bréfsins, en skuld þeirra ábyrgist bæjarsjóður. Bæjaráð sá ekki ástæðu til að sinna þessu boði.

5. Landspítalinn fer þess á leit við bæjarsjóð að hann ábyrgist kostnað við sjúkravist 2ja þjóðverja, Fritz Facius og Dr. H. Verleger, á Landspítalanum. Bæjaráð ákvað að synja um þessa ábyrgð, þar sem það telur vafasamt að þessi ábyrgðarskylda hvíli á bænum.

6. Synjað erindi Jónínu Kristjánsdóttur, Grettisgötu 38, um hjálp til húsakaupa.

Fátækrafulltrúarnir sátu fundinn, er rætt var um liðina 1.-6. hér að framan.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Lagt fram erindi frá Barnavinafélaginu Sumargjöf, um að bærinn láti vinna nú í haust ca. 150 dagsverk á lóð félagsins, sem liggur við Laufásveg og Hringbraut, til undirbúning jarðrækta, og er ætlun félagsins að staðsetja þar skólagarða.
Borgarstjóra í samráði við bæjarverkfræðing var heimilað að láta undirbúa til ræktunar alt að einni dagsláttu á landi félagsins.

8. Ferðafélag Íslands sækir um að fá að halda sýningu í Sundhöllinni á allskonar útbúnaði og áhöldum til ferðalaga. Bæjarráð vill verða við þessari beiðni.

9. Ákveðið að taka af Bjarna Benediktssyni erfðafestulöndin nr. 11 og 11A í Sogamýri, vegna þess að hann hefir ekki fullnægt 3. gr. samning þess, sem gerður hefir verið við hann af bænum, sbr. 13. lið fundargjörðar bæjarráðs 26. ágúst.

10. Erindi Jóns Þorlákssonar um að mega gjöra veg á eignarlóð hans hans við Skerjafjörð, frá Baugavegi til sjávar, við austurmörk núverandi Skildinganestúns, leggja í hann vatnsæð úr Baugsvegi og holræsi til sjávar með útrennsli austur af Austurnesi. Bæjarráðið vill ekki verða við þessari beiðni, með því að enn er ógert fyrirhugað skipulag bygginga og gatna í Skildinganesi, en verið er nú að vinna að uppdrætti á þessu svæði.

11. H/f Pípuverksmiðjan fer þess á leit að bæjarsjóður selji félaginu lóðarauka ca. 19,64 x 31,59 metr. í Rauðarárholti austan við lóðina nr. 11 við Rauðarárstíg og sunnan við svokallaða „Myllulóð". Til vara fer félagið þess á leit að fá lóð þeirra á leigu ásamt þeim viðaukum , sem hentugt þætti að láta fylgja með.
Samþykt var að leigja félaginu lóð þessa til 20 ára, enda sé félaginu skylt að leigja þá lóðarskika, sem kunna að verða á milli lóðarinnar, lóðar félagsins og væntanlegrar gatnalínu.

12. Ákveðið að synja beiðni Kristófers Egilsonar um kaup á lóðarspildu af honum, sbr. fundargjörð bæjarráðs 2. sept. s.l., 3. lið.

13. Ákveðið [að] selja Vilhjálmi J. Kristfjörð á erfðafestu Sogamýrarblett XXXXII við Réttarholtsveg. Skilmálar þeir sömu og á Sogamýrarbletti XXXXI.

14. Samþykt að leigja Engilbert Jóhannssyni Barónsstíg 3, lóðina nr. 15 við Eiríksgötu, Árna Pálssyni lóðina nr. 55 við Barónsstíg og að taka lóðina nr. 6 við Bjarkargötu af Ragnheiði Jónsdóttur og leigja þá lóð K. Zimsen borgarstjóra.

15. Synjað beiðni Ögmundar Hanssonar, Hólabrekku, um að byggja bráðabyrgða geymsluskúr á erfðafestulandi hans í Vatnsmýrarbletti.

16. Tekin fyrir til athugunar 1. liður skólanefndafundargjörða frá 7. þ.m. Bæjarverkfræðingi falið að athuga þau atriði, er ræðir um í þessum lið fundargjörða skólanefnda og leggja fyrir næsta fund bæjarráðs tillögu og áætlanir um þessi atriði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar yfir tekjur og gjöld ellistyrktarsjóðs Reykjavíkurkaupstaðar árið 1930, ásamt athugasemdum endurskoðanda.

18. Rætt um atvinnubætur.
Ákveðið að láta vinna í atvinnubótavinnu: Reykjaveg, láta lagfæra Skúlagötu og Barónstíg, Útvarpstöðvarveg, Kleppsveg, Marargata og Unnarstígur.

19. Ákveðið að borgarsjóra verði falið að semja um flutning á húsinu nr. 165 við Laugaveg, og leggur bæjarráð til að borgarstjóri samþykki að veita til þess alt að kr. 2800,00 úr bæjarsjóði.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Hermann Jónsson  Guðm. Ásbjörnsson
M. Júl. Magnús  Stefán Jóh. Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1932, föstudaginn 16. sept. kl. 3 1/2 síðdegi hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

**Fundarefni:**

1. Lagðar fram skýrslur atvinnubótanefndar um hagi atvinnulausra manna. Alls voru skráðir 2. sept. s.l. 1334 atvinnulausir, þar af farnir í vinnu annarstaðar 90. Skýrslur þessa verða fjölritaðar og sendar bæjarfulltrúum.
   Með því að eigi þótti liggja fyrir nógu nákvæmar upplýsingar um hagi atvinnuleysingja, var atvinnubótanefnd, í samráði við borgarstjóra falið að afla fyllri upplýsinga og gera nákvæmari skýrslu.

2. Erindi Ágústs F. Guðbrandsonar, Bjarnaborg, um það að hann fái að halda óskertri íbúð sinni á Bjarnaborg, og að hann auk þess fái eitt herbergi til viðbótar á sama stað. Erindi þessu fylgdu vottorð frá bæjarlækni og heilbrigðisfulltrúa. Í sambandi við þetta erindi var og lesið bréf Björns Jónatanssonar um sama húsnæði.
   Ákveðið var að gefa Ágúst kost á að fá 2 herbergi uppi á lofti til viðbótar við íbúð sína, enda fari þá fram sú breyting á eldhúsi Ágústs, sem áður hafi verið ákveðin.

3. Erindi Halldórs Jónssonar, Vesturg. 64 um það að hann fái 350 kr. fátækrastyrk til óákveðins tíma. Að tillögu fátækrafulltrúa var áveðið að verða við þessari beiðni.

4. Beiðni Sigurðar Jóhannessonar, Sólbakka í Skildinganesi um útvegun húsnæðis handa honum og fjölskyldu hans. Fátækrafulltrúunum var falið að athuga þetta mál, og í því sambandi leita upplýsinga um kaup á Laugarásbletti XX með tilheyrandi húsi.

5. Beiðni Torfa Eggersonar, þurfalings um aðstoð við afborgun á húsi hans Fálkagötu 10A. Fátækrafulltrúunum var falið að greiða fram úr þessu máli.

6. Erindi Kristínar Jónsdóttir, Framnesvegi 15A, konu Sveins Jóhannessonar, um aðstoð til þess að geta haldið húseign sinni, Framnesveg 15A. Fátækrafulltrúunum var falið þetta mál til athugunar og framkvæmda.

7. Ákveðið að styrkur til eftirtalinna manna skyldi ekki afturkræfur:

**A. Reykjavíkurkaupstaðar:**

Fi/1745 Þorgils Bjarnason
Fi/1747 Helgi Jóhannsson Hafliðason
Fi/1750 Ingibjartur Helgi Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| Fi/1752 | Geir Magnússon |
| Fi/1754 | Lilja Kristjana Hjálmarsdóttir |
| Fi/1759 | Karl Sophonías Karlsson |
| Fi/1760 | Jóhann Friðriksson |
| Fi/1762 | Jón Gunnar Jónsson |
| Fi/1764 | Þorvarður Guðnason |
| Fi/1765 | Guðrún Gunnarsdóttir |
| Fi/1766 | Friðgeir Grímsson |
| Fi/1770 | Vilmundur Ásmundsson |
| Fi/1774 | Þóra G. Guðmundsdóttir |
| Fi/1775 | Sesselja Katrín Halldórsdóttir |
| Fi/1776 | Salvör Þorkelsdóttir |
| Fi/1777 | Kristín Gísladóttir |
| Fi/1779 | Kalman, Björn Ó |
| Fi/1780 | Álfstein, Valdimar Jóhannsson |
| Fi/1781 | Sigríður Helgadóttir |
| Fi/1782 | Sigríður Ingibjörg Arnórsdóttir |
| Fi/1783 | Sigurður Einarsson |
| Fi/1784 | Jóhanna Pálsdóttir |
| Fi/1785 | Jónína Kr. Magnúsdóttir |
| Fi/1786 | Gíslína Gísladóttir |
| Fi/1787 | Valdimar Jón Jónsson |
| Fi/1789 | Kristján Friðrik Kristjánsson |
| Fi/1790 | Ólafur Kárason |
| Fi/1791 | Torfi Karl Eggertsson |
| Fi/1792 | Páll Árnason |
| Fi/1796 | Dagbjört Ásgeirsdóttir |
| Fi/1798 | Jakobína Benediktsdóttir |
| Fi/1799 | Magnea Þ. Oddfreðsdóttir |
| Fi/1800 | Guðjónía Magn. Eyþórsdóttir |
| Fi/1801 | Guðni Jón Bæringsson |
| Fi/1802 | Vilhjálmur Vigfússon |
| Fi/1804 | Sigurður Jónsson |
| Fi/1805 | Guðmunda Guðr. Baldvinsdóttir |
| Fi/1809 | Ólafía Björnsdóttir |
| Fi/1810 | Guðjón Líndal Jónsson |
| Fi/1811 | Sigursteinn Guðm. Þórðarson |
| Fi/1813 | Jakob Helgason |
| Fi/1814 | Oddsteinn Gíslason |
| Fi/1817 | Guðmundur Björnsson |
| Fi/1818 | Stefán Kristjánsson |
| Fi/1820 | Lilja Helgadóttir |
| Fi/1821 | Guðmundur V. Kristjánsson |
| Fi/1823 | Ólafur Elíasson |
| Fi/1824 | Guðmundur Gíslason |
| Fi/1826 | Jón Ingv. Guðmundsson |
| Fi/1828 | Þorbjörg Soffía Vilhjálmsdóttir |
| Fi/1831 | Jakob Guðmundsson |
| Fi/1832 | Jóhanna Halld. Lárusdóttir |
| Fi/1833 | Elís Ingólfur Haraldsson |
| Fi/1834 | Vigfús Vigfússon |
| Fi/1843 | Jón Þorbergur Bjarnason |
| Fi/1845 | Kristín Jónsdóttir |
| Fi/1847 | Jónína Þorgerður Jónsdóttir |
| Fi/1848 | Sólveig Guðmundsdóttir |
| Fi/1849 | Guðbjartur Andrésson |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| Fi/1850 | Sveinn Aðalsteinn Hjaltason |
| Fi/1851 | Guðmundur Gíslason |
| ~~Fi/1855~~ | ~~Lára Emilía Magnúsdóttir~~ |
| | *Hefur Fi/1200. Nýr þurfal, fær þetta tölunr.* |

**B. Annara sveitafélaga:**

| | |
|---|---|
| Fa/1763 | Ingibjörg S. Björnsdóttir |
| Fa/1764 | Unnur Björnsdóttir |
| Fa/1769 | Sigríður Pálsdóttir |
| Fa/1775 | Ingibjörg G. H. Sigurðardóttir |
| Fa/1776 | Christensen, Hans P. F. |
| Fa/1777 | Guðlaug I. Einarsdóttir |
| Fa/1780 | Magnúsína Sigurbj. Vilhjálmsdóttir |
| Fa/1783 | Jónína Þuríður Benónýsdóttir |
| Fa/1784 | Guðmundur Steindórsson |
| Fa/1785 | Kristín Friðrikka Sveinsdóttir |
| Fa/1789 | Ottó Guðjónsson |
| Fa/1790 | Guðrún Einarsdóttir |
| Fa/1794 | Katrín Halldórsdóttir |
| Fa/1795 | Gunnlaugur Þorvarðsson |
| Fa/1799 | Axel Einarsson |
| Fa/1800 | Guðmundur Isleifsson |
| Fa/1801 | Ragnheiður Gísladóttir |
| Fa/1805 | Valdimar V. Guðlaugsson |
| Fa/1809 | Guðfinna Hallvarðsdóttir |
| Fa/1810 | Þorsteinn Þ. Þorsteinsson |
| Fa/1811 | Júlíus Guðmundsson |
| Fa/1812 | Guðmunda Margr. Sigurjónsdóttir |
| Fa/1814 | Þuríður Halldórsdóttir |
| Fa/1815 | Svava Jósefsdóttir |
| Fa/1816 | Sigurborg Þorláksdóttir |
| Fa/1820 | Þorlákur Einarsson |
| Fa/1824 | Guðríður Jónsdóttir |

8. Beiðni Björns Vigfússonar og Sigtryggs Einarssonar, lögregluþjóna um leigu á lóð við Kringlumýrarveg til þess að byggja þar íbúðarhús úr timbri. Samþykt var að verða við þessari beiðni endi byrji þeir á byggingu innan tveggja mánaða.

9. Samkvæmt erindi Bjarna Benediktsonar ákvað bæjarráð að framlengja samning sinn við hann um eitt ár, um leigu á Sogamýri 11 og 11A.

10. Sigurði Jónssyni leigð lóðin nr. 4 við Leifsgötu til íbúðarhúsbyggingar, enda byrji hann á byggingu innan 2ja mánaða.

11. Beiðni Finnboga Jenssonar um leigu á landi í Reynimýri til hænsnaræktar. Bæjarráðið vill ekki ráðstafa þessu landi að svo komnu.

12. Björn Arnórson fer þess á leit að bærinn veiti samþykki sitt til að hann framselji þeim Óskari Gíslasyni, Fjölnisveg 5 og Daníel Kristinssyni, Bókhlöðustíg 9, leigurétt sinn yfir jörðinni Eiði á Seltjarnarnesi. Bæjaráð vill leigja þessum tveim

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mönnum býlið Eiði til vorsins 1934, með sömu leigu og ákvæði hafði verið við Björn Arnórsson.

13. Lögð fram áætlun bæjarverkfræðings um kostnað við að gera sundlaug í barnaskóla austurbæjar, sbr. 16. lið fundargerðar bæjarráðs frá 9. þ.m. Samkvæmt þessari áætlun kostar húðun án hellna kr. 2200,00, en hellulagning laugar og gangs kr. 4200,00. Bæjarráð ákvað að fela bæjarverkfræðingi að leita bindandi tilboða um hellulagningu laugar og gangs.

14. Lögð fram áætlun bæjarverkfræðings um kostnað við lagningu gólfs í leikfimissal nýja barnaskólans. Áætlar hann kostnað við að setja á gófið pappaplötu og líma yfir þykkan gólfdúk kr. 1365,00, en trégólf kr. 2100,00. Ákveðið að leita tilboða í trégólf.

15. Lögð fram greinagjörð, uppdráttur og áætlun yfir kostnað við byggingu skýlis við miðbæjarskólann. Áætlaður kostnaður við að gera skýli við steypuvegg að lóð Forbergs er kr. 750,00. Bæjarráðið vill ekki taka neina ákvörðun um þetta atriði að svo komnu máli.

16. Lagt fram erindi Jóhannesar Kr. Jóhannessonar, þar sem hann krefst skaðabóta fyrir „sviftingu atvinnufrelsis",að upphæð kr. 43.100,00. Bæjarráðið vill ekki sinna þessari kröfu.

Fleira ekki gert
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Stefán Jóh. Stefánsson
Pétur Halldórsson  Hermann Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, mánudaginn 19. sept. kl 5 síðdegis, hélt bæjarráð fund með sér á skrif-stofu borgarstjóra.

**Fundarefni:**

1. Erindi íbúa verkamannabústaðanna, um það að bærinn láti gera hinn fyrirhugaða leikvöll á milli Hringbrautarhúsanna og Ásvallagötu á sinn kostnað, og ennfremur að Byggingarfélaginu verði ekki reiknuð lóðaleiga fyrir völlinn. Bæjarverkfræðingi er falið að athuga þetta og leggja fram sínar tillögur.

2. Lagt fram endurnýjað erindi Kristófers Egilssonar um kaup á lóðarspildum sbr. fundargjörð bæjarráðs 2. og 9. þ.m. Bæjarráð vill kaupa þessa lóðarskika fyrir kr. 3,50 fermetr., ef seljandi vill láta skikana fyrir það verð.

3. Erindi Þorsteins Þorsteinssonar f.h. Litlu bílastöðvarinnar og Aðalstöðvarinnar um það að bærinn gefi eftir eða lækki verulega stæðagjöld stöðva þessara við Lækjartorg. Borgarráð vill ekki sinna þessu erindi.

4. Borgarstjóri skýrði frá því að nefnd sú, er kosin var á fundi bæjarráðs 9. þ.m. til þess að tala við kennslumálaráðherra út af skólagöngu eða kennslu fyrir atvinnulausa, hefði rætt um þetta mál við ráðherrann og hefði hann boðið að bæjarstjórn mætti láta unga, atvinnulausa menn í þá ríkisskóla utan bæja, er hefðu skilyrði til að taka við auknum nemendafjölda. Einnig skýrði hann frá því, að matgjafanefnd safnaðarins hefði tekið til íhugunar að stofna til námskeiðs í franska spítalanum fyrir atvinnulausa menn.

   Af tilefni þessu ákvað bæjarráð að auglýsa í dagblöðum, að til mála gæti komið að bæjarstjórn vildi stuðla að því að nokkrir ungir atvinnulausir menn hér í bænum eigi kost á að njóta skólavistar utan bæjar í ríkisskólum og styrkja þá fjárhagslega til þessa. Þeir, sem vildu vinna þessa styrki snúi sér til atvinnuúthlutunarnefndar bæjarins.

5. Erindi Þorsteins Gíslasonar ritstjóra, um að hann megi greiða útsvarskuldir sínar til bæjarins, fyrir árin 1929, 1930 og 1931, með bókum handa Alþýðubókasafninu. Bæjarráðið felur þeim Pétur Halldórssyni bóksala og Sigurgeir Friðrikssyni bókaverði, að gera tillögur um þetta mál.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson M. Júl Magnúss.
Pétur Halldórsson Stefán Jóh. Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, föstudaginn 23. sept. kl. 4. síðdegis hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

**Fundarefni:**

1. Erindi Gísla Jónssonar málara um hjálp af hálfu bæjarins til að geta haldið húseign sinni Laugarásbletti VII. Fátækrafulltrúunum var falið að athuga málið og gefa bæjarráðinu skýrslu.

2. Erindi Frímanns Einarssonar um að breytt verði ákvörðun bæjarráðs á fundi þess 9. þ.m. ( 2. liður). Af tilefni þessara beiðni ákvað bæjarráðið að fresta framkvæmd ályktunar sinnar frá 9. þ.m., fyrst um sinn um 1 ár, enda taki bærinn veð í öllum eignum Frímanns fyrir fátækraskuld hans.

3. Lögð fram teikning af skýlum í smágötum. Bæjarráðið felst á teikningar þær, er fyrir lágu og ákvað um leið að byggingarfulltrúi veitti byggingarleyfi á þessum skýlum og sé 10 kr. greitt fyrir hvert byggingarleyfi enda verði teikningar afhentar ókeypis.

4. Lagt fram erindi Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur um það, að bærinn útvegi félaginu bæjarlóðir undir 140-150 hús. Bæjarverkfræðingi falið að athuga lóðir, sem komið gætu til mála að leigja undir hús félagsins.

5. Synjað erindi Högna Högnasonar um leigu á erfðafestulandi er takmarkast að norðan af Sogavegi og austan af Kringlumýrarvegi. Einnig synjað beiðni Lydíu I. Þórðardóttur um erfðafestuland hjá vatnsgeyminum.

6. Ákveðið að leigja Steingrími Jóhannssyni, Amtmannst. 4, lóðina nr. 3 við Leifsgötu, enda byrji hann á byggingu hússins innan 2ja mánaða.

7. Leigumáli h/f Olíuverslunar Íslands á frönsku skúrunum með tilheyrandi lóð, sbr. fundargjörð bæjarráðs 2.þ.m., 4. lið. Bæjarráðið leggur það til að Olíuverslunin greiði 5000 fyrir tímabilið, til 1. júlí 1932 og frá þeim tíma 2200 kr. ársleigu og að segja megi upp samningnum með 3ja mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

8. Erindi leiganda hússins Frakkarstígs nr. 22 um það að vatnskattur af húsinu verði lækkaður alt að helming. Bæjarráðið vill ekki sinna þessu erindi.

9. Erindi Guðnýjar Stefánsson um meðmæli bæjarstjórnar til að reka kaffihús í húsinu Skrúði, nr. 4 við Shellveg. Erindinu frestað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Lagt fram bréf Barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Barnaverndarráðs Íslands með ýmsum fylgiskjölum. Leggja bréfritarar til við bæjarstjórn og ríkistjórn, að Reykavíkurbær, með styrk ríkisins komi á fót og reki heilsuverndarhæli og heimavistarskóla fyrir kirtlaveik börn í húsi Odd-fellowa-reglunnar við Silungapoll.

Út af þessu bréfi ákvað bæjarráðið að fela borgarstjóra að tala við heilbrigðismálaráðherra um þetta mál og leggja það síðan að nýju fyrir bæjarráðið.

11. Lögð fram 2 bréf skólastjóra Gagnfræðaskólans í Reykjavík, annað um greiðslu bæjarsjóðs til skólans en hitt um byggingu skólahúss. Bréfum þessum fylgdi skólaskýrsla Gagnfræðaskólans í Reykjavík árið 1931-32.

12. Beiðni h/f Njörður um samþykki bæjarins, sem á ca. 14 þús. kr. hjá félaginu í ógreiddum útsvörum, til að félagið verði leyst upp án þess að láta það fara til almennra gjaldþrotaskifta, og að skilanefnd ráðstafi eignum félagsins. Bæjarráðið vill verða við þesssari beiðni

13. Útsvarsmál: Grímúlfur H. Ólafsson; Davíð Jónsson, Grettisg. 33; Árni Jónasson, Hörpugötu 25; Guðm. Guðmundsson, Bergstr. 50 B; Jóhannes Bjarnason S.st.; Jón Hannesson, Elliheimilinu; Jens Jónsson, Stýrimst. 4; Magnús Magnússon, Frakkast. 22; Guðm. Invarsson, Melstað; Guðni Guðmundsson, múrari; Jóhann Bjarnason, vélstjóri; Jórunn Einarsdóttir, Hallveigarst. 8A; Helgi Helgason, Óðinsgötu 2; Þorsteinn Gíslason, ritsjóri.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Hermann Jónasson  Stefán Jóh. Stefánsson
Pétur Halldórsson  Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932,föstudaginn 30. sept. kl. 3½ síðdegis hélt borgarráð fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

**Fundarefni:**

1. Bæjarverkfræðingur lagði fram frumdrætti að skipulagi norðan Laugarvegar niður undir sjó inn hjá Héðinshöfða - félagstúni er til mála gæti komið sem byggingarlóðir handa Samvinnubyggingarfélagi Reykjavíkur.
   Af þessu tilefni var ákveðið að bæjarverkfræðingur athugaði um skipulag utan Hringbrautar.

2. Erindi Thor Thors o.fl. um að bærinn láti leggja í atvinnubótavinnu lagnir skolpræsa og vatnsleiðslur um byggingarlóðina við Hringbraut sunnan Njarðargötu. Bæjarráð vill ekki sinna þessu erindi.

3. Beiðni Jóns V. Jósteinssonar um að fá leyfi til að reisa á Lækjartorgi söluvagn fyrir blaðasölu, skóburstingu o.fl. Bæjarráð vill ekki leyfa að byggja svo stóra skúrbyggingu á Lækjartorgi, sem teikning sú sýnir, er fylgdi beiðninni. Hinsvegar vill meiri hluti bæjarráðs leyfa að byggja á Lækjartorgi smáskúr á hjólum, eingöngu fyrir blaðsölu og skóburstingu.

4. Erindi „Bræðranna Ormssona” um að bæjarstjórn hlutist til um það, að þeir fái annaðhvort viðunanlegt verð á rafmagni (4-5 aura kílow. stund) til iðnaðar á verkstæði þeirra Óðinsgötu 25, eða þá að þeir fái þar gas til notkunar. Bæjarráð ákvað að lúta álits gasstöðvarstjóra og rafmagnstjóra um þetta erindi.

5. Guðm. Gunnlaugsson býður bænum forkaupsrétt að nýbýli hans Réttarholti í Sogamýri ásamt tilheyrandi erfðafestulandi (Sogamýri X) og viðbótarland. (Þvottalaugarbletti XXXIV) fyrir kr. 23.000,00. Forkaupsrétti hafnað.

6. Ásgeir J. Ásgeirsson býður forkaupsrétt að húseign sinni á Sogabletti 8 ásamt tilheyrandi erfðafestulandi fyrir kr. 11.500,00. Forkaupsrétti hafnað.

7. Leiga fyrir barnaskóla í Skildinganesi. Lagt fram áskorun foreldra skólaskyldra. barna í Skildinanesi, tillaga Sigurjóns A. Ólafssonar frá bæjarstjórnarfundi 15. þ.m., tilboð frá Kristjáni Gunnarssyni um leigu á húsnæði fyrir skólahald við Hörpugötu nr. 20, umsögn bæjarlæknis, heilbrigðisfulltrúa og byggingarfulltrúa. Þau tvö húsnæði í Skildinganesi, er fyrirhuguð voru til skólahalds og lýsing bygg-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ingarfulltrúa á sömu húsnæðum. Meiri hluti bæjarráðs vill vísa þessu máli til skólanefndar til afgreiðslu.

8. Rætt um ókeypis síma, er ýmsir starfsmenn bæjarins hafa haft undanfarið. Bæjarráðið ákveður að greiða hér eftir aðeins síma fyrir stofnanir bæjarins en ekki einstaka starfsmenn. Ætlast er til að sama verði látið gilda um rafveitu og gasstöð.

9. Bæjarráð leggur til að korkdúkur verði lagður á gólf leikfimissal austurbæjar barnaskólans. Áætlað verð 1500 kr.

10. Lögð fram ályktun aðalnefnda mötuneytis safnaðanna um það að bæjarstjórn taki upp almennar mjólkurgjafir handa skólabörnum og auki matgjafir í skólum bæjarins að miklum mun frá því sem verið hefir og hefja þær jafnskjótt og skólarnir byrja.

11. Erindi íbúa verkamannabústaðanna, sbr. fundargjörð bæjarráðs 19. þ.m., 1. liður.
Nokkur hluti bæjarráðs vill verða við þessari beiðni að bærinn láti gera fyrirhugaðan leikvöll á milli Hringbrautarhúsanna og Ásvallagötu á sinn kostnað.

12. Lagðir fram reikningar Sjúkrasamlags Reykjavíkur fyrir árið 1931.

13. Bréf Guðm. Ólafssonar hrm. um útsvör Magnúsar Jónssonar þurfamans. Bæjarráðið telur að Magnús Jónsson hafi ekki sinnt tilboði bæjarstjórnar um samning á greiðslu útsvara hans, og telur því rétt að útsvarsskuld hans verði innheimtar.

14. Atvinnubótavinnan. Í því sambandi var lögð fram ályktun atvinnubótanefndar frá í dag um það að hún telji óhjákvæmilegt að fjölgað verði í atvinnubótavinnunni um þessi mánaðarmót um 150 manns, og leggja áherslu á að bæjarráð afli fjár til þess að þetta verði framkvæmt.

Borgarstjóri skýrði frá því að reiðufé bæjarins væri svo takmarkað að óvíst yrði með því að halda uppi þeim atvinnubótavinnu, sem nú er, og að ekki yrði unnt, án aukinnar fjáröflunar, að auka atvinnubótavinnuna. Bæjarráð ákvað að sækja eftir því að ræða við ríkisstjórnina og stjórnir bankanna um atvinnumál í Reykjavík.

15. Beiðni Þorkels Guðmundssonar um 150 kr. styrk. samþ. að tillögum fátækrafulltrúa.

16. Beiðni Valdimars Sigurðssonar, Njálsgöu 52 um hjálp til að greiða af húseign hans. Að tillögu fátækrafulltrúa var ákveðið að verða við þessari beiðni.

17. Að tillögu fátækrafulltrúa var ákveðið að veita Gesti Guðmundssyni, Fálkagötu 8, 300 kr. styrk, til að borga af húsi sínu ef fátækranefnd Vestmanneyja vill fallast á það.

18. Beiðni Ingim. Nóa Jónssonar um 1500 kr. lán til bifreiðakaupa. Fátækrafulltrúunum falið að rannsaka málið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Ákveðið að heimila árl. leigu á húsi Ragnars Lárussonar í Sogamýri handa Sigurði Jóhannssyni og greiða 1200 kr. fyrirfram af leigunni, en að öðru leyti var fátækrafulltrúunum falið að semja um þessi mál. Í þessu sambandi var og synjað kauptilboði um húseigina, er stendur á Laugarásbletti XX ásamt lóð.

20. Synjað beiðni Gísla Jónssonar málara um ábyrgð á víxilskuld hans að upphæð kr. 3000-.

21. Synjað beiðni Guðrúnar E. Hallgríms. um lán, og eftirgjöf á opinberum gjöldum.

22. Að tillögum fátækrafulltrúa var ákveðið að greiða fyrir Steinunni Magnúsdóttur áfallna afborgun og aðra greiðslu af húsi hennar Framnesveg 50A.

23. Útsvör: Þorsteinn Gíslason ritsjóri; h/f Skaftfellingur.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson

Stefán Jóh. Stefánsson

Pétur Halldórsson Hermann Jónasson

Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, föstudaginn. 7. okt kl. 3 1/2 síðdegis hélt borgarráð fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

**Fundarefni:**

1. Út af erindi. Ingim. Nóa Jónssonar um að bærinn hjálpaði honum til að kaupa flutningsbíl, þá ákvað bæjarráðið að bærinn ábyrgðist alt að 1500 kr. fyrir Ingimund vegna væntanlegra bílkaupa.

2. Erindi Hallgríms Friðrikssonar um hjálp og aðstoð við húsaleigugreiðslu. Ákveðið var að borga vangreidda húsaleigu hans fyrir sept. s.l. (70 kr.) og ábyrgast húsaleigu hans til 14. maí n.k.

3. Ákveðið var að fela fátækrafulltrúunum að gera tillögu um úthlutun ellistyrks.

4. Samþykt skipun undirkjörstjórna út af alþingiskosningum 22 okt. 1932.

| | | |
|---|---|---|
| | **I. kjördeild** | |
| Indriði Einarsson, | rithöfundur, | Tjarn. 3c, |
| Helga Sigurjónsdóttir, | ungfrú | Von. 8, |
| Sveinn Helgason, | prentari, | Mjöln. 46, |
| | **II. kjördeild** | |
| Tómas Jónsson, | lögr. | Frík. 3, |
| Guðrún J. Briem, | frú, | Tjarn. 28, |
| Jón Hafliðason, | bókari, | Njál.1, |
| | **III. kjördeild** | |
| Sveinn J. Sigurðsson, | ritstj., | Nýl. 24A |
| Ingibjörg Sigurðardóttir, | kenn., | Þing. 7 |
| Helgi Sveinsson, | fasteignasali, | Garð. 13, |
| | **IV. kjördeild** | |
| Brynjólfur Stefánsson, | skrifst.stj. | Nýl. Mýrarholt, |
| Halldóra Ólafs, | kaupk., | Bank. 12, |
| Einar Hermannsson, | prentari, | Brekk. 3, |
| | **V. kjördeild:** | |
| Halldór Jónasson, | cand. phil., | Amt.m. 2, |
| María Pétursdíttir, | saum., | Þór. 1, |
| Ísleifur G. Ólafsson, | skrif. | Berg. 14 |
| | **VI. kjördeild** | |
| Steindór Gunnlaugsson, | lögr., | Tún. 16, |
| Guðrún Sigurðardóttir, | frú, | Haðarstíg 8, |
| Eggert Ó. Briem, | bóksali, | Tjarn. 24, |
| | **VII. kjördeild** | |
| Ari Thorlacius, | endursk. | Tjarn. 41, |
| Guðrún Benediktsdóttir, | frú, | Freyjugötu 3, |
| Guðbrandur Jónsson, | rithöf. | |
| | **VIII. kjördeild** | |
| Magnús Thorlacius, | lögfr. | Ásv. 7, |
| Carólína Siemsen, | frú, | Vest. 29 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| Sveinn Jónsson, | kaupm., | Kirk. 8B. |
| | **IX. kjördeild** | |
| Tómas Guðmundsson, | lögfr., | Smár. 12, |
| Sigríður Ólafsdóttir, | frú, | Hverf. 99, |
| Stefán Rafnar, | verzlunarm., | Nönnugötu 1. |
| | **X. kjördeild** | |
| Magnús Jochumsson, | póstfltr., | Vest. 7, |
| Guðný Þorvaldsdóttir, | skrif., | Ásvallag. 1, |
| Guðm. Kr. Guðmundsson, | bókari, | Berg. 82. |
| | **XI. kjördeild** | |
| Ólafur Þorgrímsson, | lögfr., | Aðalstræti 6, |
| Ingileif Þórðardóttir, | skrif., | Berg. 50A., |
| Filippus Ásmundsson, | vélsm., | Bráðrh., Brautarholt,yngra |
| | **XII. kjördeild:** | |
| Gunnlaugur Briem, | lögfr., | Sjafn. 7, |
| Elísabet Waage, | frú, | Skól. 24, |
| Guðmundur Jónatansson, | | Hað. 10, |
| | **XIII. kjördeild** | |
| Þorsteinn Gíslason, | ritstj., | Þing. 17, |
| Anna Sigurðardóttir, | versl., | Grund. 2, |
| Jón Bach, | | Þór. 12, |
| | **XIV. kjördeild** | |
| Adolph Bergsson, | lögfr., | Þór. 21, |
| Kristín Arngrímsdóttir, | kenn., | Vest. 31, |
| Friðgeir Björnsson, | skrif., | Fálk. 28, |
| | **XV. kjördeild** | |
| Sigurður Grímsson, | lögfr., | Pósth. 13, |
| Ragheiður Jónsdóttir, | kenn., | Tjarn. 49, |
| Hallur Þorleifsson, | bókari, | Berg. 56 |
| | **XVI. kjördeild** | |
| Guðmundur Gamalíelsson, | bóksali, | Lækjarg. 6 A |
| Ingunn E. Zoega, | frú, | Laug. 56, |
| Þorlákur Ófeigsson, | húsam., | Laug. 97, |
| | **XVII. kjördeild** | |
| Garðar Þorsteinsson, | lögfr., | Vest. 19, |
| Guðmunda Jónsdóttir, | versl., | Laug. 77 |
| Hallgrímur Jónsson, | kenn., | Grund. 17, |
| | **XVIII. kjördeild** | |
| Jón Ólafsson, | lögfr., | Suð. 22, |
| Emilía Indriðadóttir, | ungfrú, | Tjarn. 3C |
| Magnús Guðbrandsson, | bókari, | c/o Olíuverslun Íslands |
| | **XIX. kjördeild** | |
| Arnljótur Jónsson, | | Mím. 2 |
| Ragnhildur Pétursdóttir, | frú, | Háteigi, |
| Óskar Guðnason, | prent., | Bald. 4, |
| | **XX. kjördeild** | |
| Gísli Bjarnason, | fulltrúi, | Bergþ. 29, |
| Elín Tómasdóttir, | kenn. | Tjarn. 24, |
| Jón Guðjónsson, | bókari, | Fjöln. 14 |
| | **XXI. kjördeild** | |
| Sæmundur Bjarnhéðinsson, | próf. | Hverfis. 46, |
| María Jónsdóttir, | ráðsk. | Laugarnesspítala, |
| Gísli Þorbjarnarson, | fast.e.s., | Berg. 36. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarráðið heimilar borgarstjóra að skipa í undirskjörstjórnir í stað þeirra, sem kunna að vera löglega forfallaðir.

5. Ákveðin eftirfarandi skifting kjósenda í kjördeildir við næstkomandi alþingis-kosningar.

| | |
|---|---|
| I. kjördeild: | AAgesen-Ástríður |
| II. kjördeild: | Ásgeir-Björnsson |
| III. kjördeild: | Blandon-Elín |
| IV. kjördeild: | Elínborg-Guðbjartur |
| V. kjördeild: | Guðbjörg-Guðmundur Höskuldsson |
| VI. kjördeild: | Guðmundur Ingvarsson-Guðrún Ívarsdóttir |
| VII. kjördeild: | Guðrún Jakobsdóttir-Halldóra |
| VIII. kjördeild: | Hallfreður-Höydal |
| IX. kjördeild: | Ida-Jóhann |
| X. kjördeild: | Jóhanna-Jón |
| XI. kjördeild: | Jóna-Kristín Gissursdóttir |
| XII. kjördeild: | Kristín Guðfinnsdóttir-Lövdal |
| XIII. kjördeild: | Maack-María |
| XIV. kjördeild: | Maríasína-Olsen |
| XV. kjördeild: | Ólöf-Rögnvaldur |
| XVI. kjördeild: | Sakrisen-Sigurbjarni |
| XVII. kjördeild: | Sigurbjörg-Sófus |
| XVIII. kjördeild: | Sólberg-Thoroddsen |
| XIX. kjördeild: | Thors-Þorbergur |
| XX. kjördeild: | Þorbjörg-Örvar |
| XXI. kjördeild: | Laugarnesspítali |

6. Rætt um notkun þess heita vatns, sem afgangs er og ónotað, og möguleika á því að nota það til upphitunar á húsum yst á Njálsgötu og Grettisgötu. Ákveðið að fela bæjarverkfræðing að leita eftir óskum húseigenda á þessu svæði um það, hvort þeir vilji fá heitt vatn leitt inn í hús sín gegn þeirri greiðslu, er ákveðin kunna að verða.

7. Ákveðið að leigja Þorkeli O. Ingibergssyni lóðina nr. 77 við Laugarnesveg, með því að fyrri leigutaki hafi ekki uppfyllt sett skilyrði. Út af beiðni Árna Pálssonar, Skólavrst. 22A, var ákveðið að synja honum um leigu á lóðunum nr. 5,7 og 9 við Leifsgötu með þeim skilyrðum, er hann fer fram á, en að leigja Þorsteini Einarssyni,Grettisgötu 44, lóðina nr. 5 við sömu götu, enda byrji þessir leigutakar á byggingu innan 2ja mánaða.

8. Halldóri Sveinssyni, Kárastíg 3, var leigður Sogamýrarblettur nr. 37, samkvæmt umsókn hans.

9. Erindi Ásmundar Sigurðssonar, um að fá aukið leiguland sitt við Kleppveg (Laugarásblett XXI) að norðaustan um 1 hektara. Bæjarráð vill ekki sinna erindi þessu að svo komnu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Lögð fram tillaga fulltrúa Alþýðuflokksins, um að innheimta ekki gas og rafmagn hjá atvinnulausum, fátækum mönnum, en tillögu þessari var vísað til bæjarráðs til afgreiðslu. Tillaga þessi var feld með 3 atkv. gegn 2 (STJST, og Herm.J.)

11. Lögð fram ályktun Sjómannafélags Reykjavíkur frá fundi þess 4. þ.m. um atvinnubætur o.fl. Einnig lögð fram tillaga Alþýðuflokksfulltrúanna í bæjarstjórn, um aukningu manna í atvinnubótavinnu o.fl., en tillögu þessari var vísað til bæjarráðs. Stefán Jóh. Stefánson lagði til að bæjaráð, með tilvísun til samþykta bæjarstjórnar á tillögu Péturs Halldórssonar um aukningu í atvinnubótavinnunni, ákveðið að fela borgarstjóra það, er gert er ráð fyrir í tillögu Alþýðuflokkfélags fulltrúanna og að ákveða um leið að fjölga í atvinnubótavinnunni upp í 350 manns.

Stefán Jóh. Stefánsson krafðist þess að þessi tillaga sín yrði borin undir atkvæði: Í sambandi við þetta mál bar Pétur Halldórsson fram þá tillögu að tillögu Stefáns Jóh. Stefánssonar skyldi frestað. Sú tillag P.H. var samþykkt með 3 atkv. gegn 2, en Stefán Jóh. Stefánsson mótmælti því að hægt væri að neita að bera upp tillögu sína.

Lagt fram erindi Vigfúsar Guðmundssonar og Þorvarðs Þorvarðarsonar f.h. bæjarútgerðarinnar, þar sem farið er fram á lækkun á sköttum og gjöldum togarafélaga til hafna- og bæjarsjóðs. Einnig lögð fram ályktanir frá fundi er haldin var 5. okt s.l., undirritaða af Guðjóni Benediktssyni og Ólafi Guðbrandssyni.

12. Lagt fram erindi frá Vatnsveitufélagi Skildinganeskauptúns, þar sem krafist er greiðslu úr bæjarsjóð á kr. 54.391,43.

13. Lagðar fram skýrslur yfir rekstur Gasstöðvarinnar yfir mánuðina, maí, júní, júlí og ágúst.

Þegar hér var komið máli krafðist Stefán Jóh. Stefánsson þess að tillaga sín undir II. lið hér að framan yrði borin undir atkvæði, með því að afgreiðslu hennar hefði verið frestað um óákveðin tíma. Settur borgarstjóri neitaði að verða við þessari kröfu um að taka málið fyrir að nýju á sama fundi.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Hermann Jónasson Stefán Jóh. Stefánsson
Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, föstudaginn 14. okt. kl. $3^1/_2$ síðdegis, hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarsjóra.

**Fundarefni:**

1. Úthlutun ellistyrks. Samvæmt tilkynningu frá skattstjóra má úthluta í ellistyrk á þessu ári hér í bænum kr. 27.000,00.

   Umsóknir höfðu borist frá 774 gamalmennum. Af umsækjendum reyndust 12 að vera á fátækraframfæri. Að tillögum fátækrafulltrúanna, sóknarkirkjuprestanna, fríkirkjuprestsins og skrifstofustjóra, ákvað bæjarráð, eftir heimild bæjarstjórnar að úthluta öllum styrknum, kr. 27.000,00 til 748 umsækjanda, eftir þeim tillögum, er fyrir láu.

2. Samþykt var að bærinn greiddi Þorsteini Kristjánssyni, Laugarnesvegi, kr. 570,00 til þess að hjálpa honum til að greiða af húseign sinni, enda láti Þorsteinn bæjinn fá umráð yfir húsnæði í húsi hans og gangi leigan til greiðslu á þessum kr. 570,00.

3. Ákveðið var að bærinn greiddi vist Guðríðar Þorsteinsdóttur, ekkju Steindórs Jónssonar trésmiðs, á sjúkradeild Elliheimilisins.

4. Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins út af kostnaði við sjúkrahúsvist tveggja útlendinga á Landspítalanum, sbr. fundargjörð bæjarráðs 9. sept. s.l. 5. lið. Telur ráðuneytið að bænum beri skylda til að ábyrgjast sjúkrahúsvistarkostnað þessara útlendinga, en þó ekki meira en venjulegt daggjald, kr. 6,00 á dag.

   Bæjarráðið vill halda fast við fyrri ákvörðun sína og neita að verða við kröfu Landspítalans.

5. Heilsuverndarhæli og heimavistarskóli í húsi Oddfellowa við Silungapoll, sbr. fundargjörð bæjarráðs 23. sept. s.l., 10.liður.

   Borgarstjóri skýrði frá að hann hefði átt tal við ríkisstjórnina um þetta mál. Lýsti ríkistjórnin yfir því að hún teldi vafasamt að kostnaður af þessum rekstri myndi falla undir berklavarnarlögin, en að stjórnin myndi mæla með því við næsta alþingi að greiddur yrði á næsta ár úr ríkissjóði helmingur af reksturskostnaði hælisins, sem áætlað er kr. 12.340,00. Samkvæmt því myndi bærinn þurfa að greiða að minnsta kosti helming reksturkostnaðar kr. 12.340,00 auk stofnkostnaðar kr. 9.100,00 eða samtals 21.440 kr.

   Með því að komið er nú fram á nýtt skólaár og ýmis undirbúningur ógerður, sér bæjarráð sér ekki fært að mæla með því að bærinn ráðist í þetta nú í vetur.

6. Lagðar fram umsóknir um stuðning bæjarins við unga atvinnulausa menn, er stunda vilja nám, ásamt skýrslu atvinnuúthlutunarnefnda um þetta mál. Umsóknir bárust frá 26 mönnum. Bæjarráðið mælir með því að bærinn styrki alt að 10 nemendur til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

náms á Hvanneyri, með hálfum fæðiskostnaði. Auk þess vill bæjarráðið mæla með því að 2 piltar fái undanþágu á greiðslu skólagjalds í Vélstjóraskólanum. Og eins vill bæjarráð benda á það, að í vændum er að stofna til námskeiðs í sambandi við almenningsmötuneyti, þar sem nemendur geta fengið ókeypis kennslu.

7. Lögð fram áskorun húsráðenda í Skildinganesi um að bærinn taki nú þegar í sína vörslu skolpræsi þau, sem liggja í og meðfram vegunum þar, ásamt bréfi um þetta efni. Bæjarverkfræðingi falið að athuga þetta mál.

8. Olgeir Friðgeirsson býður bænum kaup á koksi og kolum. Út af því ákvað bæjarráð að bjóða út kolasölu til bæjarins á þessum vetri.

9. Bæjarráð samþykkir að Þorkell Ingibergson fá lóðina nr. 43 við Laugarnesveg í stað lóðarinnar 77 við sömu götu.

10. Lögð fram áskorun íbúa við Seljaveg um lagfæringu á götunni. Ákveðið að verða við þessari beiðni og láta framkvæmdina algjörlegega í atvinnubótavinnu.

11. Ástv. H. Ásgeirsson býður forkaupsrétt að erfðafestulandi sínu, Sogabletti XI, er hann ætlar að selja Friðrik P. Welding og móður sinni fyrir 500 kr. Forkaupsrétti hafnað.

12. Skíðafélag Reykjavíkur fer þess á leit við bæjinn að hann láti gera stökkbrekku með palli í Ártúnsbrekkunni. Bæjarverkfræðingi var falið að athuga þetta mál og leggja fyrir bæjarráð áætlun um kostnað við þessar framkvæmdir.

13. Lagt fram bréf stéttarfélags barnakennara um leikfimisgólf í austurbæjarbarnaskólanum.

14. Stefán Jóh. Stefánsson óskaði eftir því að borin væri undir atkvæði bæjarráðs tillaga sú í 11. lið fundargerðar bæjarráðs frá 7. þ.m., um aukningu í atvinnubótavinnunni.

Í því sambandi bar Pétur Halldórsson fram eftirfarandi tillögu:

„Áður er fullnaðarákvörðun er tekin um framhald atvinnubótavinnuna ákveður bæjarráð að fela borgarstjóra að fara á fund fjármálaráðherra þegar er hann kemur heim í því skyni að gerð verði áætlun um vinnuna til nýjárs, þá er bæjarstjórnin veit hvers vænta megi um aðstoð ríkisins til framhalds vinnunni."

Tillaga P. H. borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkv. gegn einu (St. J St.), og kom tillaga St. J. St. þá eigi til atvæða.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Stefán Jóh. Stefánsson
Pétur Halldórsson  Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, föstudaginn 21. okt. kl. $3^1/_2$ síðdegis, hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarsjóra.

**Fundarefni:**

1. Samþykt að fella niður ellistyrk til Bjarneyjar Bjarnadóttur, Ólafar Gunnarsdóttur og Þorbjargar H. E. Jónsdóttir sem allar eru fluttar burtu úr bænum og eiga heima annarstaðar. Nemur styrkupphæðin, sem veitt var þessum 3 konum kr. 105,00. Ákveðið að veita Önnu M. Björnsdóttur 25 kr., Önnu Daníelsdóttur 35 kr., Ingveldi Guðmundsdóttur 50 kr., Maríu Ólafsdóttur 25 kr., Þóru Friðbjarnardóttur 25 kr., og Ingibjörgu Benjamínsdóttur 25 kr.

2. Fátækrafulltrúunum var falið að sjá um Ethel Einarssson, að koma henni fyrir og greiða kostnað við veru hennar á Herkastalanum.

3. Frímann Einarsson tilkynnir í bréfi til bæjarráðs að hann gangi frá búi og eignum. Einnig gerir hann í bréfinu þau boð til bæjarins, að bærinn kaupi eignir hans allar með búslóð fyrir áhvílandi skuldir auk 6000 kr. er honum séu greiddar út í hönd. Bæjarráð vill ekki sinna þessu boði.

4. Guðrún Vigúsdóttir sækir um að henni sé gefin eftir fátækraskuld við Reykjavíkurbæ að upphæð kr. 246,15 og fylgdi beiðninni skilríki fyrir því að Búðahreppur hafði gefið henni eftir kr. 1323,48 skuld hennar við hreppinn. Bæjarráð vill verða við þessari beiðni.

5. Borgarstjóri lagði fram nýtt form að skýrslum fyrir skráningu atvinnulausra manna, sem fram á að fara lögum samkvæmt 1. nóv. n.k. og auglýsingu um þessa skráningu. Bæjarráð félls[t] á skýrsluformið.

6. Bæjarráð fól borgarstjóra að æskja eftir því við ríkisstjórnina að bæjarráðið fengi að ræða við stjórnina um atvinnubætur og atvinnumál hér í bænum, svo fljótt sem unnt er.

7. Stéttarfélag kennara fer fram á það að Birni Bjarnasyni teiknikennara verði greiddar 200 kr. úr bæjarsjóði gegn sama fjárframlagi úr ríkistjóði, fyrir að veita kennurum barnaskólanna hér í bænum tilsögn í teikningu. Meiri hluti bæjarráðs (4:1) vilja ekki sinna þessari beiðni.

8. Jóhanna Guðlaugsdóttir býður forkaupsrétt að erfðafestulandi sínu Þvottalaugabletti XXIV, sem hún hefir í hyggju að selja fyrir 4000 kr. Forkaupsrétti hafnað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Daníel V. Fjeldsted læknir sækir um að fá á erfðafestu eða leigu land í Fossvogi, austanvert við lönd þau, er Hermann Jónasson o.fl. hafa þar til afnota og óskar hann eftir því að fá alt að einum hektara í þessu skyni. Þar sem áður er ákveðið að ráðstafa ekki Forssvogi fyr en á næsta vori, vill bæjarráð ekki sinna þessari umsókn.

10. Jörgen Lange býður forkaupsrétt að erfðafestulandi sínu Norðurmýrarbletti XXXIII ásamt íbúðarhúsi og öllum mannvirkjum, sem hann segist ætla að selja Birni Þórðarsyni verslunarm. fyrir 1200 kr. Forkaupsrétti hafnað.

11. Ólafur Sigurðsson sækir um að mega hafa pylsuvagn hér í bænum, er standi að degi til við Tryggvagötu í nánd við vélsmiðjuna Steðji en að kvöldi til austan við Útvegsbankann eða á Lækjartorgi, og ætlar hann að hafa til sölu heitar pylsur í vagni þessum og e.t.v. eitthvað fleira, svo sem smurt brauð. Beiðni þessari fylgdi uppdráttur af vagninum ásamt bréf frá lögreglustjóra. Einnig var lögð fram beiðni frá Júlíusi Kolbeins um [að] mega hafa pylsuvagn á Lækjartorgi og fylgdi henni uppdráttur og bréf lögreglustjóra. Bæjarráð vill mæla með þessum beiðnum að því tilskildu að vagnarnir verði ekki stærri en teikning sú sýnir, er fylgdi umsókn Júlíusar Kolbeins.

12. Kexverksmiðjan „Frón” sækir um að fá gas til afnota handa verksmiðjunni fyrir kr. 0.20 fyrir t.m. Ákveðið að leita umsagna gasstöðvarstjóra um þessa beiðni.

13. Lagt fram bréf frá Ísleifi Jónssyni þar sem hann tilkynnir að hann geti eftir nokkra daga gefið bænum tilboð um vatnsveitupípur þær, er boðnar voru út á síðastliðnu sumri.

14. Ísleifur Jónsson ítrekar beiðni sína um það að bærinn greiði honum reikning að upphæð kr. 604,45 fyrir lengdarmismun á vatnsleiðslupípum þeim, er bærinn keypti hjá honum, en vatnsnefnd hafði á fundi 5. júlí synjað þessari beiðni. Beiðninni frestað.

15. Jafnaðarmennafélag Ísland fer fram á það að bærinn veiti félaginu 500 kr. styrk til alþýðufræðslu hér í bænum, er félagið hefir í hyggju að stofna til með fyrirlestrahaldi. Beiðnin feld með 2 atkv. gegn 2 (St. J. St. og Herm. J.)

Pétur Halldórsson vék af fundi þegar útrætt var um 9. lið.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Hermann Jónsson Stefán Jóh. Stefánss.
Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, föstudaginn 28. okt. kl. 3½ síðdegis, hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarsjóra.

**Fundarefni:**

1. Jóhann Gíslason fer þess á leit að bærinn greiði 500 kr. í kostnað við netaviðgerðarnámskeið, er hann hefir í hyggju að halda hér í bænum. Fátækrafulltrúunum var falið að ræða við stjórn Fiskifélags Íslands um þetta mál.
2. Þórey Brandsdóttir, kona Magnúsar Bjarnasonar í Sjávarborg, endurnýjar beiðni um það, að bærinn greiði kostnað við raflögn í íbúð þeirra hjóna. Beiðnin er feld með 2 atkv. gegn 2. (St. J. St. og Herm. J.)
3. Haraldur Jónsson, Laugaveg ~~25~~,155, sækir um að bærinn gefi honum eftir fátækraskuld, er hann skuldar að upphæð kr. 5281,06. Fátækrafulltrúunum falið að rannsaka málið.
4. Sveinn Jóhannsson, Framnesveg 15 A, fer þess á leit að bærinn létti lögtaki af skuldabréfi hans, en lögtak var gert í bréfi þessu 10. þ.m. til Tryggingargreiðslu á fátækraskuld hans. Bæjarráð ákvað að heimila fátækrafulltrúunum að verða við þessari beiðni, enda gefi Sveinn þá veð í húseign sinni, Framnesveg 15 A, fyrir skuld hans við bæjarsjóð.
5. Þýski aðalkonsúllinn hér í bænum æskir þess að bærinn taki að sér framfærslu þjóðverjans Lieder, sem nú er hér í bænum. Bæjarráð ákvað að greiða kostnað við veru þesssa manns, enda fari hann héðan til heimkynna sinna með fyrstu ferð, sem fellur.
6. Jón Einarsson, Haraldur A. Knudsen, Björgvin Borgfjörð, Guðni J. Björnsson og Þráinn Sigfússon sækja um að bærinn veiti þeim fullan styrk til vetrardvalar við Hvanneyrarskóla, eða láni þeim til næsta hausts, hverjum einstökum, hálfan námskostnað. Meiri hluti bæjarráðs vill ekki verða við beiðninni.
7. Kvenréttindafélag Íslands óskar þess að vinnumiðstöð kvenna hér í bænum hafi með höndum skráningu atvinnulausra kvenna í byrjun næsta mánaðar. Einnig æskir sama félag eftir því að bæjarráð mæli með því við ríkisstjórnina, að greitt verði af atvinnubótafé ríkisins halli félagsins á rekstri vinnumiðstöðvarinnar. Felt með 2 atkv. gegn 2 að verða við beiðninni um skráninguna. Meiri hluti bæjarráðs vill ekki mæla með beiðni félagsins um meðmæli til ríkistjórnarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Bæjarverkfræðingur lagði fram tillögu um skilmála fyrir leigu á nokkrum erfðafestulöndum. Bæjarráðið lagði samþykki sitt á þessa skilmála.

9. Fiskifélag Ísland fer þess á leit að bæjarráð hlutist til um að, að bærinn „Höfn", sem stendur á horni Ingólfsstrætis og Skúlagötu, verði rifinn, svo félagið geti hafist handa um byggingu húss þar yfir starfsemi sína. Með því að Reykjavíkurbær er ekki eignadi bæjarins „Höfn" getur bæjarráð ekki orðið við málaumleitan þessari.

10. Ákveðið að láta Jón Ingimarsson að Breiðholti fá á erfðafestu 13,47 ha. úr Breiðholtslandi, er ræktist á 5 árum, og greiði hann 15 kr. á ha. á ári á ræktunarárunum og síðan 30 kr. á ha. Endurkaupsverð sé 7 aura á fermtr.

11. Bæjarverkfræðingur lagði fram skýrslu um rannsókn sína á því að leiða heitt vatn úr hitaveitu bæjarins til upphitunar á húsum við Grettisgötu og Njálsgötu austan Barónsstígs, og við Barónstíg austanverðan, milli Laugavegar og Bergþórugötu. Bæjarverkfræðingi var falið að halda áfram þessari rannsókn og undirbúningi málsins.

12. Jón V. Þorsteinsson sækir um leyfi til að mega byggja skýli á Lækjartorgi fyrir blaðsölu og skóburstingu samkv. meðfylgjandi teikningu. Meiri hluti bæjarráðs vill ekki sinna beiðninni.

13. Ákveðið að leigja Árna Pálssyni, Skólavrst. 22, lóðina 7 og 9 við Leifsgötu, Sigurjóni Sigurðssyni, Laugaveg 28 A, lóðina nr. 6 við sömu götu og Gunnari S. Hólm lóðina nr. 15 við sömu götu. Byrjað verði á byggingu innan 2ja mánaða.

14. Jón K. Kristjánsson sækir um að fá á leigu 500 - 1000 fermrt. svæði á melunum ~~til eins árs eða tímabilið 1. sept. 193,~~ vestan við Íþróttavöllinn, til eins árs eða lengur. Bæjarráð vill leigja umsækjanda svæði fyrir norðan Suðurgötu, eftir nánari útmælingu bæjarverkfræðings gegn 35 aura leigu pr. fermtr., enda greiði hann leigugjaldið fyrirfram fyrir eitt ár.

15. Ákveðið að leigja h/f Vinnufatagerð Íslands lóð þá í Rauðarárholti, sem Björn Benediktsson fékk þar á leigu á sínum tíma, en hefir eigi notað.

16. Dómsmálaráðuneytið spyrst fyrir um það í bréfi dags. 24. þ.m. hvort bærinn vilji leysa kvaðir af landi því, er bærinn vill leggja til undir háskólabyggingu. Bæjarráðið vill ekki leggja til að breytt verði frá fyrri ákvörðun bæjarstjórnar um þetta efni.

17. Lögð voru fram eftirfarandi tilboð um sölu á ca 200 smálestum á kolum til bæjarins.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Frá | Kolaverslun Guðna Einarssonar og Rúnars *Glückkauf-kol* | kr. | 39,00 | pr. | smálest |
| ” “ | Ólafi Benediktssyni | “ “ | 37,50 | “ “ | “ “ |
| “ “ | Olgeiri Friðgeirssyni | “ “ | 37,40 | “ “ | “ “ |
| “ “ | Kolasalan s/f | “ “ | 36,00 | “ “ | “ “ |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| " " | Ólafi Ólafssyni | " " | 37,50 | " " | " " |
| " " | G. Kristjánssyni | " " | 37,50 | " " | " " |
| " " | Sigurði Ólafssyni | " " | 36,65 | " " | " " |
| " " | Kol og Salt | " " | 36,00 | " " | " " |

Ákveðið að taka tilboði h/f Kol og Salt um kaup á kolum fyrir 36 kr. smálestin. (Best Yorkshire Hard).

18. Lagðir fram reikningar yfir rafmagnslagnir m.m í barnaskólanum við Vitastíg, ásamt bréfi Nikulásar Friðriksonar um reikningana. Ákveðið að greiða eftirstöðvar reikninganna.

19. Lárus Hansson sækir um að hann fái sömu hlunnindi og fastir starfsmenn bæjarins hvað snertir aukadýrtíðaruppbót. Fer hann fram á að fá greidda úr bæjarsjóði 1200 kr. sem uppbót fyrir 9 undanfarin ár. Meiri hluti bæjarráðs vill ekki sinna þessari beiðni.

20. Rætt um atvinnubótavinnu og útvegun lánsfjár og skýrði borgarstjóri frá samtali sínu við stjórn Landsbankans um lántöku handa bænum.

Stefán Jóh. Stefánsson lagði til að fjölgað yrði nú þegar í atvinnubótavinnunni um 30-40 manns, eða þá tölu manna, er nú nýverið [var] sagt upp vinnu. Meiri hluti bæjarráðs getur ekki fallist á tillögu þessa að svo stöddu.

21. Bæjarráð átti í gær tal við ríkisstjórnina um atvinnubótavinnu og útvegun lánsfjár.

Hermann Jónasson vék af fundi er útrætt var um 14. lið.

Fleira ekki gert
Fundi slitið

Guðm. Ásbjörnsson
Stefán Jóh. Stefánsson
Pétur Halldórsson    Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, föstudaginn 4. nóvember hélt bæjarráðið fund á skrifstofu borgarstjóra.

**Þetta gerðist:**

1. Opnuð tilboð í gaskol.

| | | |
|---|---|---|
| Magnús Blöndal, Siglufirði | Tou | 26/ 6 |
| Kol og Salt hf. | " " | 24/ 6 og 24/ $7^{1}/_{2}$ |
| Ólafur Þórðarsson | " " | 26/ 3 |
| Ásgeir Ólafsson | " " | 24/9 og 25/9 |
| Ól. Gíslason og Co. | " " | 24/ $10^{1}/_{2}$ |
| H. Benediktsson og Co. | " " | 24/ 6 |
| allir gegn Kontant borgun | | |
| O. Johnson og Kaaber | " " | 25/8 -25/9 |
| með 3. mánaða gjaldfresti | | |

Samþykt að fela borgarstjóra og gasstöðvarstjóra að velja á milli tilboða frá Kol og Salt og H. Benediktsson og Co. Þegar fyrir liggja upplýsingar um tilboð þessara firma um gjaldfrest, þar sem upplýst er að ekki er kostur á að fá andvirði Kolafarmsins yfirfært fyr en eftir 3 mánuði.

2. Ákveðið að veita ellistyrk: Valgerði Helgason, Óðinsgötu 11, 50 kr, Guðlaugu Egilsdóttur, Bergþórugötu 31, kr. 25,00 og Önnu Berndsen, Mjóstræti 8B, kr. 40,00.

3. Jakob Jónsson, Skrúð við Shellveg, fer fram á að fá 1000 kr. lán til að leggja í verslunarfyrirtæki. Erindinu synjað.

4. Jóhann Gíslason sækir um 500 kr. styrk til að halda námskeið í alskonar netaviðgerðum. Samþykt að veita honum 20 kr. styrk fyrir hvern nemanda alt að 400 kr., enda standi námskeiðið yfir ekki skemur, en 2 mánuði.

5. Haraldur Jónsson, Laugaveg 155, sækir um eftirgjöf á sveitarskuld að upphæð kr. 5281,00. Bæjarráðið leggur til að skuldin verði gefin eftir.

6. Lagt fram erindi frá forseta Fiskifélags Íslands, þar sem hann fer fram á að bæjarráðið hlutist til um það, að bærinn nái eignar- eða umráðarjetti yfir bænum „Höfn"

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til þess síðar að framselja fjelaginu þann rjett með góðum kjörum. Bæjarráðið getur ekki orðið vð þessum tilmælum.

7. Pjetur B. Ólafsson, Bræðraparti í Laugamýri, býður forkaupsrjett að „Þvottalaugarbletti IX, fyrir kr. 8100,00. Forkaupsrjetti hafnað.

8. Samþykt að leigja Úlfari Bergsyni lóðina nr. 85 við Laugarnesveg, enda byrji hann á byggingu á lóðinni innan tveggja mánaða.

9. Samþykt að leigja Daníel Þorkelssyni lóðina nr. 30 við Leifsgötu með sama skilyrði.

10. Eyjólfur Gíslason, Laugaveg 56, sækir um að fá á leigu lóðina austan Hringbrautar og sunnan Laugavegs. Bæjarráðið vill ekki leigja þessa lóð til þeirra nota sem um er að ræða.

11. Ágúst Jónsson, Laugalæk, fer fram á að gerður verði vegur að býli hans af Kleppsvegi eftir fyrirhuguðu vegarstæði ( Laugarásvegs). Bæjarráðið getur ekki orðið við þessu að svo stöddu.

12. Lagt fram erindi frá húseigendum við Freyjugötu um að fullgerð verði lagning Freyjugötu milli Njarðargötu og Barónsstígs. Samþykt hefir áður verið að gera akbraut götunnar, en bæjarráðið telur ekki fært að fullgera gangstjettir fyr en húseigendur hafa girt lóðir sínar með götu.

13. Lagt fram erindi húseigenda við Ránargötu um að gerður verði götukaflinn milli Ægisgötu og Bræðraborgarstígs. Bæjarverkfræðingi falið að athuga málið.

14. Samþykt að Ísleifi Jónssyni verði greiddar kr. 604,45 fyrir lengdarmismun á vatnslagnspípum, sbr. 14. lið fundargerðar bæjarráðs frá 21. f.m.

15. Guðjón A. Sigurðsson sækir í brjefi dags, 31. f.m. um stöðu sem garðyrkjufróður maður í þjónustu bæjarins. Bæjarráð getur ekki mælt með erindinu.

16. Hálfdán Halldórsson, frá Viðey, Guðný Stefánsson, Skrúð við Shellveg og Þorsteinn Jóhannson, Bergstaðastræti 8, fara þess á leit að þeim verði veitt meðmæli til veitingasölu. Lagt til að þau meðmæli verði veitt.

17. Samþykt að heilbrigðisstjórninni verði gerður kostur á 10 sjúkrarúmum á tveimur sjúkrastofum í Farsóttarhúsinu fyrir kynsjúkdómasjúklinga gegn 6 kr. daggjaldi fyrir hvert sjúkrarúm.

18. Samþykt að taka framvegis aukavatnsskatt af þvottastöðvum fyrir bifreiðar, fyrir hvern krana eða slöngustút, 100 kr. á ári.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Samþykkt að framkvæmd verði sorp- og salernahreinsun í Skildinganesi frá næstu áramótum með sama hætti og í bænum sjálfum.

20. Útsvarsmál: Jakobína G. Guðmundsdóttir f. h. db. Þorvarlds Egilssonar, Njálsgötu 4; Árni Guðmundsson, Óðinsgötu 14B; Ásgeir Bjarnason, Reykjum; Benedikt Bergmann, Reykjavíkurveg 19; Guðbjörn Pálsson, Sólv.g. 21; Guðmundur Guðmundsson, Njg. 16; Guðni Pálsson, Vatnsstíg 16; Höskuldur Jóhanness, Laug. 53a; Jón Sigurðsson, skrifst.stj.; Kristján Jóhannesson, Fossvogi 6; Markús Ísleifsson, Sólv.g. 35; Sigurður Guðmundsson, Sunnuhvoli; Snæbjörn Stefánsson, Ránargötu 34; Filippus Bjarnason, Týsgötu 6.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Pétur Halldórsson  Jakob Möller
Ágúst Jósefsson  Hermann Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, laugardaginn 5. nóvember, mættu umboðsmenn H. Benediktsonar & co. og Kol &Salt á skrifstofu borgarstjóra og lögðu þar fram skrifleg tilboð um þriggja mánaða gjaldfrest á kolum þeim sem umræðir í 1. lið fundargerðar bæjarráðs í gær. Tilboð H. Benediktsonar & Co var 3ja mánaða gjaldfrestur með 4 3/4 prócent vaxtagjaldi pr.a. en Kol & Salt með 5 procent vöxtum.
Ákveðið var að taka tilboði H. Benediktsonar &Co.

Guðm. Ásbjörnsson
Br. Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# **BÆJARRÁÐ.**

Ár 1932, þriðjudaginn 8. nóvbr. kl. 3 1/2 síðdegis, hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

**Fundarefni:**

Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svohljóðandi tillögu:

Með því að ákvörðun síðasta bæjarstjórnarfundar um kauplækkun í atvinnubótavinnunni, var ekki bundin ákveðnum tíma, og með því að ákveðið hefir verið að halda bæjarstjórnarfund á morgun, þá ákveður bæjarráðið að engin breyting skuli gerð á kaupi í atvinnubótavinnunni, þar til bæjarstjórn hafi fjallað um þetta mál að nýju.

Jafnframt ályktar bæjarráðið að leggja það til við bæjarstjórn að hún falli frá ákvörðun sinni um lækkun á kaupi í atvinnubótavinnunni.

Jakob Möller bar fram svohljóðandi rökstudda dagskrá:

Með því að það verði að teljast alveg ótvírætt að ályktun bæjarstjórnar ( sem um getur í tillögu St. J. St.), um breytingu á kaupgjaldi í atvinnubótavinnu, eigi að koma til framkvæmdar um leið og menn verða ráðnir í vinnuna, næst eftir að samþyktin var gerð, virðist bæjarráðinu ekki ástæða til að leitað verði álits bæjarstjónarinnar um það og tekur bæjarráðið fyrir næsta mál á dagskrá.

Stefán Jóh. Stefánsson lýsti yfir því að þar sem fram væri komin í dagskrá tillögunni skýr yfirlýsing um það, að breytingar á kaupi í atvinnubótavinnunni ætti ekki, eftir skilningi bæjarráðs, að koma til framkvæmda fyr en að afstöðnum ~~bæjarstjórnarfundi~~, morgundegi þá tæki hann aftur fyrri hluta tillögu sinnar, en óskaði eftir því að síðari hlutinn kæmi undir atkvæði sem sérstök tillaga.

Jakob Möller bar fram eftirfarandi dagskrártillögu:

Þar sem kringumstæður hafa ekkert breyst, síðan bæjarstjórn ákvað breytingu á kaupgjaldi í atvinnubótavinnunni, telur bæjarráðið óviðeigandi og ástæðulaust að gera slíka tillögu til bæjarstjórnar, sem Stefán Jóh. Stefánssin fer fram á og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Dagskrártillagan var borin undir atkvæði og samþykt með 3 atkv. gegn 2. (St. J. St. og Herm. Jónasson).

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stefán Jóh. Stefánsson lýsti yfir því, að hann vísaði sinni tillögu til bæjarstjórnar til afgreiðslu þar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Hermann Jónasson Stefán Jóh. Stefánsson
Pétur Halldórsson Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, föstudaginn 18. nóv. kl. 4 síðdegis, hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

**Fundarefni:**

1. Ákveðið að veita Gísla Kristjánssyni, Mjóstræti 2, og Jarþrúði Jónsdóttur, Sólvallagötu 18, 25 kr. hvoru í ellistyrk.

2. Synjað Beiðni Ingólfs Einarssonar, Tjarnagötu 16 um að bærinn annist framfærslu móður hans, Ástríði Pétursdóttur á Nýja-Kleppi.

3. Brjóstsykurgerðin „Nói" h/f sækir um að fá á leigu lóð við Laugaveg næst fyrir austan fyrirhugað járnbrautarsvæði og er ætlunin að reisa hús á lóðinni til iðnrekstrs.

   Ákveðið að leigja umsækjanda lóðina til 75 ára með venjulegum skilmálum á leigulóðum til iðnreksturs.

4. Bæjarverkfræðingur skýrði frá að kosta myndi um 20 þús, kr. að gera við Ránargötu á milli Ægisgötu og Bræðraborgarstígs, sbr. fundagjörð bæjarráðs 4. þ.m., 13. liður.

5. H/f Alliance fer þess á leit að lögð verði vatnsveita ásamt brunahönum til Þormóðsstaða við Skerjafjörð. Bæjarráð vill ekki verð við þessari beiðni að svo komnu máli.

6. Lagt fram bréf Ísleifs Jónssonar út af útboðum í vatnsleiðslupípum. Ákveðið að fela bæjarverkfræðingi að útvega til athugunar, ef unnt er, önnur tilboð sem fyrir kunna að liggja hér í bænum.

7. Olgeiri Sigurðssyni, Smáragötu 5, var leigð lóðin nr. 22 við Leifsgötu, enda byrji hann á byggingu innan 2ja mánaða.

8. Lögð fram skýrsla Unnar Jónsdóttur, sundkennara um sundkennslu í laugunum í vor.

9. Lagt fram bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytis dags. 14. þ.m., þar sem ráðuneytið staðfesti munnlegt loforð við forseta bæjarstjórnar um 75 þús. kr. styrk til atvinnubótavinnu í Reykjavík á þessu ári til viðbótar þeirri upphæð, sem áður hafði verið samráð um að ríkið legði fram í þessu skyni og um aðstoð við útvegun á jafn hárri upphæð að láni í sama skyni. Samþykkir bæjarráð að taka þessu boði og leggur til við bæjarstjórn að kaup í atvinnubótavinnunni haldist óbreytt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Lagt fram bréf Útvegsbanka Íslands h/f þar [sem] bankinn býður bænum að um reikningskuld hans við bankann, sem nú er að upphæð rúmar 200 þús. kr., verði gerður nýr lánssamningur og skuldinni breytt í fast lán, sem tryggt verði eins og eldra lánið. Hið nýja lán verði að upphæð 200 þús. kr. og afborgist með jöfnum afborgunum á 10 árum, í fyrsta sinn 31. des 1933 og ávaxtist með venjulegum bankaútlánsvöxtum. Bæjarráð leggur til að þessu tilboði verði tekið.

11. Lagður fram reikningsjöfnuður bæjarins pr. 31. okt. 1932

12. Útsvarsmál: Magnús Jónsson, prof; Christian Lauritzen, Laugav. 49 A; Iva Gerald, Gunnarshólma; Helgi Nikulásson, Bar. 16 Hávarður Jónsson, Skólavrst. 4; Guðjón Jónsson, Öldugötu 47; Árni Björnsson, Brávallag. 4; Jón Geirsson, stud.med. Lauf. 51.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Hermann Jónasson  Stefán Jóh. Stefánsson
Jakob Möller  Pétur Halldórsson
M. Júl. Magnús

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1932, föstudaginn 25. nóv., kl. 4 síðdegis, hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarsjóra.

1. Lögð fram beiðni Stefáns Loðmfjörð um hjálp til að eignast trillubát og fylgdi beiðni þessari bréf frá bæjarstjóranum á Akureyri, þar dvelur Stefán nú en fær fátækrastyrk héðan. Frestað.

2. Valtýr Brandur Mýrdal biður um eftirgjöf á fátækraskuld sinni við bæjinn að upphæð kr. 509,99. Beiðninni fylgdi samþykt hreppsnefndar Hvammshrepps um eftirgjöf á skuld hans þar. Samþykkt að mæla með þessari eftirgjöf.

3. Lagt fram bréf frá Helga Magnússyni og Co. um væntanlegt tilboð í vatnspípur með greiðslufresti. Bæjarverkfræðingi var falið að athuga þetta mál og undirbúa nánar og meta við þá menn, sem látið hafa í ljósi að þeir myndu geta lagt fram tilboð.

4. Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn samþykki að byrjað verði nú þegar á leiðslu heitts vatns úr hitaveitu bæjarins til upphitunar á húsum við Grettisgötu og Njálsgötu austan Barónsstígs og við Barónsstíg austanverðan á milli Laugavegar og Bergþórugötu sbr. 11. lið fundagjörðar bæjarráðs frá 28. okt. s.l.

5. Samþykt að innrétta eina stofu í barnaskóla austurbæjar og koma þar fyrir baðtækjum vegna litla leikfimissalsins. Áætlaður kostnaður kr. 1250,00.

6. Ákveðið að leigja Páli Thorberg Jónassyni lóðina nr. 67 við Laugarnesveg, þar sem fyrri leigutaki hefur afsalað sér leigu á lóð þessari. Leigutaki byrji á byggingu innan 2ja mánað.

7. Lagt fram erindi frá Bakarameistarafélagi Reykjavíkur, þar sem þess er farið á leit að bæjarstjórnin breyti lokunartíma brauðsölubúðanna þannig að þær megi á öllum dögum vera opnar til kl. 7 á kvöldin, að undanskildum stórhátíðum og dögunum þar á undan. Málinu vísað til ákvörðunar bæjarstjórnar.

8. Lögð fram umsögn gasstöðvarstjóra um erindi bræðranna Ormssona um að veita gasi í verkstæði þeirra við Óðinsgötu 25. Leggur gasstöðvarstjóri til að frestað verði fyrst um sinn gaslögn þessari. Bæjarráð fells[t] á tillögu gasstöðvarstjóra.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Lögð fram umsögn gasstöðvarstjóra um erindi kexverksmiðjunnar „Frón" um lækkun á gasverði til hennar. Hann treystir ekki til að mæla með lækkun á gasverði til verksmiðjunnar og var bæjarráð samþykkt þessari tillögu gasstöðvarstjóra.

10. Ósvaldur Knudsen og Daníel Þorkelsson sækja um að mega reisa ljósaauglýsingasúlu á Lækjatorgi og helst á tveim öðrum stöðum. Beiðninni fylgdi uppdráttur. Bæjarverkfræðingi falið málið til athugunar.

11. Lögð fram skýrsla frá Kvenréttindafélagi Íslands um vinnumiðstöð kvenna og beiðni um 2000 kr. styrk á næsta ári til vinnumiðstöðvarinnar. Beiðninni frestað til þess, er fjárhagsáætlun verður afgreidd.

12. Þorgrímur Jónsson í Lauganesi fer þess á leit að hann fái frestun á afborgun sinni á veðskuld til bæjarins til 1. okt. 1933 og að bæjarsjóður fái 2. veðrétt í eignunum næst á eftir veðdeild. Samþykt að veita hinn umbeðna frest á afborguninni og að skuld bæjarsjóðs verði trygð með 2. veðrétti næst á eftir veðdeildarláni, sem þó ekki sé hærra en nemur virðingarvirði nýrra mannvirkja hans á landinu til Veðdeildar.

13. Lagt fram erindi frá borgarstjóra K. Zimsen, þar sem hann beiðist lausnar frá borgarstjórastörfum vegna heilsubrests. Lausnarbeiðninni fylgdi vottorð frá læknunum Árna Péturssyni og Helga Tómassyni.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Pétur Halldórsson Stefán Jóh. Stefánsson
M. Júl. Magnús. Hermann Jónasson
Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, föstudaginn 2. des., kl kl. 4 síðdegis, hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarsjóra.

**Fundarefni:**

1. Lagt fram bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins dags. 26. f.m., þar sem ráðuneytið, lætur í ljósi það álit sitt að bænum beri og sé skylt að greiða meðlag með skilgetnu barni Guðlaugar Kristjánsdóttur. Bæjarráð ákvað að sætta sig við þennan úrskurð ráðuneytisins.

2. Ákveðið að bærinn leiti til ráðuneytisins út af vangreiddum skuldum ýmsra sveitafélaga til Reykjavíkurbæjar og leiti aðstoðar þess til að reyna að fá skuldir þessar greiddar samkv. 5. gr. laga um breytingar á fátækralögunum nr. 43, 31 maí 1927, sem samþykkt voru á síðasta þingi.

3. Samþykt að innheimta með málssókn skuld Bessastaðarhrepps til Reykjavíkurbæjar, að upphæð kr. 11.824,26 auk áfallinna vaxta, samkv. skuldabréfi hreppsins til bæjarins útg. 4. sept. 1925.

4. Þorsteini F. Einarssyni, Holtsgötu 16, var leigð lóðin nr. 23 við Seljaveg, með venjulegum skilmálum.

5. Sjórn „Byggingarfélags barnakennara í Reykjavík", fer þess á leit að bærinn láti félagið fá leigulóðir undir íbúðarhús, alt að 20 og ef til vill fleiri síðar. Bæjarverkfræðingi var falið að athuga þetta mál.

6. Guðm. Ásbjörnsson, Þórsgötu 7 sækir um land milli Kringlumýrarvegar og Sogavegar í norðvesturhorninu þar sem þessir vegir mætast, til ræktunar og til þess að byggja þar lítið steinhús. Bæjarráð vill ekki sinna þessari beiðni.

7. Ragnar Jónsson, bóndi á Bústöðum fer þess á leit að hann fái til viðbótar erfðafestulandi sínu í Bústaðarlandi, að minnsta kosti 7 hektara, þannig að hann hafi alls 30 hektara á erfðafestu, að ræktunarfresturinn verði lengdur úr 4 árum upp í 10 ár, og að leigan eftir þetta land verði hin fyrstu 10 ár 15 kr. af ha. eftir það ræktað land, sem nú er, og eftir óræktaða landið 10 kr. af ha. og að liðnum 10 árum 15 kr. af hektara hverjum.

   Meiri hluti bæjarráðs samþykti að lengja ræktunartímann upp í 7 ár og að eftirgjaldið um ræktunartíman verði 20 kr. af ha., en að öðru leyti verði erindinu ekki sinnt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Bæjarráð samþykti með 3 atkv. gegn 2 að telja skyldi að leiguafgjöld fyrir lóðir undir verkamannabústaðina byrji 1. júlí 1931.

9. Nokkrir búendur á Grímsstaðarholti fara þess á leit að bærinn láti nú hið allra fyrsta byggja holræsi í Súlugötu. Bæjarverkfræðingi var falið þetta mál til ransóknar.

10. Búendur við Smáragötu fara þess á leit við bæjinn að Smáragata verði sem allra fyrst lagfærð svo hún geti talist umferðafær. Ákveðið að fresta þessu fyrst um sinn.

11. Lögð fram bréf frá J. Þorlákson og Norðman og Ísleifi Jónssyni, um sölu á vatnsveitupípum til bæjarins með greiðslufresti. Af tilefni þessa var bæjarverkfræðingi falið að semja útboð um sölu á vatnspípum til bæjarins með þeim skilyrðum að andvirði þeirra yrði greitt á 5 árum og borgarstjóra falið að ræða við ríksistjórnina um ríkisábyrgð á greiðslu á andvirðinu fyrir vatnspípurnar.

12. Bæjarverkfræðingi falið að ræða við hafnarstjóra um viðskifti hafnar og vatnsveita síðustu árin og leggja síðan fram skýrslu um þetta mál ásamt tillögum um greiðslu hafnarsjóðs til vatnsveitunnar út af sölu á vatni til skipa.

13. Lagt fram bréf frá Guðmundi Ólafssyni hrm. ásamt útskrift af fógetaréttarmálinu Bæjarsjóður Reykjavíkur gegn Pétri Jakobssyni, þar sem úrskurðað var að framhaldsniðurjöfnunin, sem framkvæmd var á síðasta ári, væri lögleg.

14. Lagt fram bréf Þorvaldar Pálsonar læknis ásamt reikningi frá honum að upphæð kr. 6000,00 fyrir sölu á verðbréfum bæjarins og útvegun láns til rafveitunnar.
Með því að bæjarstjórn hefur áður synjað þessari kröfu og engar sannanir liggja fyrir um réttmæti kröfunnar, vill bæjarráðið ekki taka hana til greina.

15. Ákveðið að láta vinna í atvinnubótavinnu: Skurður í Fossvogi vestan Hafnarfjarðarvegar, Kleppsvegur, Barónsstígur og Egilsgata.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

K. Zimsen
Pétur Halldórsson Stefán Jóh. Stefánsson
Jakob Möller Hermann Jónasson
Guðmundur Ásbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, föstudaginn 9 des., kl. 4 síðdegis, hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarsjóra.

**Fundarefni:**

1. Meiri hluti bæjarráðs ákvað að láta vísa úr landi Norðmanninum Hans Esberg Jakobsen ásam konu hans Karin Kristjánsdóttur og börnum þeirra 4: Önnu 14 ára, Lilly 12 ára, Sigríði 12 ára og Elsu 6 ára. Hjónin eru skilin að borði og sæng og fengið sveitastyrk hér.

2. Samþykt að framlengja leigusamningi við Jón Magnússon og Ingimund Jónsson, undir fiskverkunarlóð, til 5 ára, með nokkrum nauðsynlegum breytingum.

3. Samþykt að leigja Gísla Sveinssyni áfram til 5 ára ~~erfðafestu~~ landspildu í Kaplaskjóli með sömu kjörum og áður.

4. Mjólkurfélag Reykjavíkur fer þess á leit að fá leiðslu úr hitaveitu bæjarins til upphitunar á bílaviðgerðarverkstæði þeirri við Hringbraut og í nokkuð af bílskúrum þeirra á sama stað. Bæjarverkfræðingi falið málið til framkvæmda í sambandi við hitaleiðslur í önnur hús sem ákveðin hefir verið.

5. Ákveðið að leigja Pétri Sigurðssyni lóðina nr. 100 við Laugaveg í stað lóðarinnar nr. 102 við sömu götu, (austan Hringbrautar), er hann fékk 12. ágúst s.l.

6. Samþykt að taka tilboði Á. Einarsonar og Funk um kaup á flísum í sundlaug austurbæjarbarnaskólans fyri alls kr. 2380,00. Bæjarráð ákvað að láta einnig flísleggja veggi sundherbergisins.

7. Rætt um fjárhagsáætlun fyrir árið 1933 og farið yfir áætlun um tekjur að mestu leyti og byrjað á áætlun um útgjöld.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

K. Zimsen
Stefán Jóh. Stefánsson Hermann Jónasson
Guðm. Ásbjörnsson Pétur Halldórsson
Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, mánudaginn 12. des. kl. 4 síðdegis, hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

**Fundarefni:**

Haldið áfram af fara yfir áætlun yfir tekjur og gjöld árið 1933.

Fundi slitið kl. 7.25.

K. Zimsem
Hermann Jónasson Stefán Jóh. Stefánsson
Pétur Halldórsson M. Júl. Magnús

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, miðvikudaginn 14. des., kl 4 síðdegis, hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

**Fundarefni:**

Haldið áfram með áætlun yfir tekjur og gjöld Reykjavíkur árið 1933. Í sambandi við fjárhagsáætlunina voru lögð fram og lesin eftirfarandi erindi.

a. Erindi frá Kvenréttindafélagi Íslands um styrk til vinnumiðstöðvar kvenna.
b. Erindi frá bókaverði Alþýðubókasafnsins um fjárveitingar til safnsins og byggingar safnsins.
c. Skýrsla skólastjóra Gagnfræðaskólans í Reykjavík um reksturskostnað skólans skólaárið 1931-1932
d. Bréf Kristínar Thoroddsen, þar sem hún sækir um styrk til matreiðslunámskeiða.
e. Bréf frá stjórn Íþróttavallarins um girðingu íþróttavallarins.
f. Erindi stjórnar Iþróttahúss K.R. um styrk til hússins.
g. Bréf stjórnar járnsmíðamanna í Reykjavík um styrk til sjúkrasjóðs þeirra.
h. Erindi forstöðunefndar Kvennaskólans í Reykjavík um styrk til skólans.
i. Bréf stjórnar Starfsmannafélags Reykavíkur um dýrtíðaruppbót á laun starfsmanna á næsta ár.
j. Erindi Sjúkrasamlags Reykjavíkur um styrk úr bæjarsjóði.
k. Bréf Barnaverndarráðs Íslands og Barnaverndarnefnda Reykjavíkur um heilsuverndarhæli og heimavistarskóla fyrir berklaveik börn.

Lokið við að fara yfir alla áætlunina, og verður hún þannig lögð fyrir bæjarstjórn. Rafmagnstjórn hafði undirbúið áætlun um rafveituna, hafnarstjórn áætlun hafnarinnar og skólanefnd X kafla gjalda bæjarjóðs.

Allir ~~einstaka~~ bæjarráðsmenn áskilja sér rétt til breytinga á fjárhagsáætluninni. Jakob Möller var fjarverandi af fundi. Borgarstjóri fór nokkru áður en fundi var lokið.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

K. Zimsen
Guðm. Ásbjörnsson Stefán Jóh. Stefánsson
Hermann Jónasson Pétur Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, föstudaginn 16. des. kl. 4 síðdegis hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

**Fundarefni:**

1. Lagt fram bréf stjórnar styrktarsjóðs sjómanna- og verkamannafélaganna í Reykjavík um styrk á fjárhagsáætlun næsta árs.

2. Karl Þórhallson og sambýliskona hans, Sigríður Þorsteinsdóttir, bæði til heimilis við Vitatorg, sækja um það, að þeim verði eftir gefin sveitastyrkur þeirra samtals að upphæð kr. 719,60 og kr. 125,00. Bæjarráð samþykkir að styrkur þessi skuli ekki afturkræfur.

3. Þorkell Guðmundsson, Vegamótum við Kleppsveg, óska eftir að fá aðstoð bæjarins til þess að selja í banka og bakábyrgjast 4000 kr. víxil, sem hann er samþykkjandi á, og nú hefir verið stefnt fyrir. Bæjarráð vill ekki verða við þessari beiðni.

4. Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Snæfells- og Hnappadalssýslu, út af kröfum Reykjavíkurbæjar um innheimtu á vangreiddum fátækrastyrkjum hreppa þar í sýslunum.

5. Ingólfur Einarsson, Tjarnargötu 16 æskir eftir því að bærinn ábyrgist dvalarkostnað móður hans á Nýja-Kleppi, 45 kr. á mánuði. Bæjarráð vill verða við þessari beiðni.

6. Jón Heiðberg biður um frest á greiðslu á fasteignagjöldum af húsi konu hans, Vonarstræti 12. Bæjarráð vill ekki sinna erindinu.

7. Bæjarráð vill mæla með því að Njáll Þórarinsson, Sólvallagötu 31, fái leyfi til veitingasölu, samkvæmt umsókn hans þar um.

8. Guðm. Bjarnason, Brekku, býður forkaupsrétt á erfðafestulandinu Laugarásblettur XII, er hann ætlar að selja fyrir 11000 kr. Forkaupsrétti hafnað.

9. Ákveðið að leigja Kristjáni Guðmundssyni framkvstj. og Birni Rögnvaldssyni byggingameistara lóðina nr. 108 og 110 við Hringbraut, með þeim skilyrðum að þeir sjái sér sjálfir fyrir nauðsynlegum leiðslum í götustæði, eftir því sem bæjarverkfr. tiltekur og undir hans umsjón.

10. Formaður Barnauppelsisjóðs Thorvaldsensfélagsins óskar eftir því að bæjarstjórnin ákveði hið allra fyrsta um byggingu barnahælis, og taki ákvörðun um erindi sjóðsins frá 30. okt. 1930.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóra var falið að ræða við stjórn barnauppeldisjóðsins um þetta mál og athuga í því sambandi möguleika fyrir samningum við sumardvalarfélag Oddfellowa, sbr. k. lið fundagjörðar bæjaráðs frá. 14. þ.m.

11. Samþykt að verða við beiðni Knattspyrnufélags Reykavíkur um 800 kr. styrk til félagsins vegna íþróttahúss félagsins við Vonarstræti.

12. H/f Slippfélagið í Reykjavík fer þess á leit að bærinn ábyrgist 125 þús. kr. lán handa félaginu, til byggingu á nýrri dráttarbraut, er tekið gæti upp skip á stærð við „Esju", en samkvæmt heimildarlögum frá síðasta alþingi, hefir ríkistjórnin heimild til þess að ábyrgjast þetta lán, gegn því að bæjarsjóður ábyrgist lánið gagnvart ríkinu,og hefir ríkisstjórnin lýst yfir, að ekki myndi standa á ábyrgð ríkisjóðs. Bæjarráði mælir með því að orðið verði við þessari beiðni, gegn verðtryggingu frá félaginu, er tekin verði gild.

13. Bæjarráð leggur til að Guðm. Ásbjörnssyni verði greidd borgarstjóralaun fyrir þann tíma, er hann gengdi borgarstjórastörfum vegna veikinda Knud Zimsen borgarstjóra.

14. Reikningar bæjarins eru nú fullprentaðir og verða lagðir fyrir borgarstjórn til samþyktar.

15. Lagðar fram samþyktir frá „verkalýðsfundi" frá 14. þ.m.

16. Útsvarsmál: Pétursey; Jón Dalmann, við Laugarnesveg; Eyþór Óskar Sigurðsson, Bergstr. 73; Stefán O. Thorodsen, Ljósvallag. 12; Brynjólfur Kjartansson, Smiðjustíg 5; Guðlaug Stefánsdóttir, Óðinsgötu 11; Vilhelm Möller, þjónn; Elís Jónsson, kaufm.; Guðjón Sigurðsson, Amtmanst. 5; Loftur Bjarnason, járnsmiður; Guðm. Þ. Gíslason, Grettisg. 2; Ondula; Sigurður Jónsson, Seljaveg 11; Sigríður Sveinbjarnardóttir.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

K. Zimsen
Hermann Jónsson Stefán Jóh. Stefánsson
M. Júl. Magnús. Pétur Halldórsson
Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1932, föstudaginn 23. des., kl. 4 1/2 síðdegis, hélt bæjarráð fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

**Fundarefni:**

1. Lagt fram bréf frá Starfsmannafélagi Reykjavíkur ásamt tillögu, samþyktri á félagsfundi, um dýrtíðaruppbót bæjarstarfsmanna.

2. Lagt fram bréf Hannesar K. Hannessonar, slökkviliðsmanns, þar sem hann fer fram á að fá endurgoldið það tap, er hann varð fyrir við slökkviliðstarf hinn 28. nóv. s.l. Bréfi þessu fylgdi læknisvottorð og einnig lá fyrir umsögn slökkviliðstjóra um bréfið. Að tillögu slökkviliðsjóra ákvað bæjarráð að greiða Hannesi K. Hannessyni 200 kr. í bætur.

3. Lagt fram bréf Guðm. Ólafssonar hrm. ásamt dómi í bæjarþingsmálinu: Finnur Ólafsson gegn bæjarstjórn Reykjavíkur, á þá leið að stefnandi hefði óskertan leigurétt yfir lóðinni nr. 38 við Freyjugötu. Eftir atvikum telur bæjarráð rétt að sætta sig við þennan dóm.

4. Lagt fram bréf Halldórs Pálssonar lóðaskráritara, um að fá styrk úr bæjarsjóði til að hafa mótorhjól við starf sitt, eins og hann hefir fengið á þessu ári (600 kr.)

5. Strætisvagnafélag Reykjavíkur h/f tilkynnir að samþykt hafi verið á stjórnarfundi 17. sept. s.l. að sækja ekki um styrk úr bæjarsjóði fyrir árið 1933. Um leið væntir félagið þess, að það verði undanþegið útsvari.

6. Lagt fram bréf Búnaðarfélags Íslands út af Gróðrastöðinni við Laufásveg. Bæjarverkfræðingi var falið að útvega og leggja fyrir bæjarráð þau gögn, sem fyrir kunni að liggja um Gróðrastöðina og eignarétt yfir landi því, er hún stendur á.

7. Magnús Guðmundsson, skipasmiður fer þess á leit við bæjarstjórn, að bærinn leigi sér til 25 ára lóðarspildu þá er hann hefir haft að undanförnu vestan við lóð Slippfélagsins, norðan Mýrargötu, og gefi sér einnig leyfi fyrir að hafa þar dráttarbraut um sama tímabil. Bæjarráð vill verða við þessari beiðni, enda sé leigan metin á 5 ára fresti.

8. Útsvarsmál: h/f Defensor.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Lagt fram bréf hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps, þar sem bærinn er krafinn um kr. 46.778,85 árlega í allri framtíð eða kr. 939 þús. í eitt skifti fyrir alt. Bæjarráð leggur til að ekki verði orðið við þessari kröfu.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

K. Zimsen
Guðm. Ásbjörnsson Stefán Jóh. Stefánsson
Jakob Möller Pétur Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur